



Jakinn, Eðvarð og Halldór

Bls. 4

May 1'st greetings

Bls. 23

Sumarnámskeið fyrir börn

Bls. 42

Ofsalega pirrandi

Bls. 21

Gallup könnun

Bls. 30

Varist gylliboðin

Bls. 46

gorenje



HEIMILISVINIR

Hurðin er ávallt köld viðkomu því gorenje ofnar eru gerðir til að verja börn og umhverfi. - Fyrirgefðu, og hunda.

RÖNNING

Borgartúni 24 • Reykjavík • Sími: 562 4011
Óseyri 2 • Akureyri • Sími: 460 0800

Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamenn

Sigrún Hafstein
Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Fjóla Jónsdóttir
Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hildur Kjartansdóttir
Hjálmarfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sigríður Ólafsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Viktória Jensdóttir
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elin Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjósson

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Forsíðumynd

Róbert Ágústsson

Aðsetur

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtu-
dag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikn-
ing viðkomandi.

Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendir: 510 7511

1.maí - baráttudagur launafólks

Á 1.maí er okkur tamt að horfa til fortíðar. Við minnumst þess sem áunnist hefur á liðnum árum. Við minnumst þess að heimurinn er í stöðugri umbreytingu. Við minnumst þess að lífið hefur ekki alltaf verið svona. Það er ekkert sem gerist af sjálfu sér. Okkur er hollt sem nú fetum í fótspor brautryðjenda í verkalýðsbaráttuni að rifja það upp að samfélag okkar er enn að mótast. Hægt og bítandi hafa félagsleg réttindi litið dagsins ljós. Við metum jafnvel ekki stóru áfangana fyrr en eftir á þegar við sjáum áhrif þeirra á allt mannlífið. Þannig er fáum ljóst í dag hve mikilvægum réttindum við náðum fram með starfsmenntasjóðunum árið 2000. Með þeim verður smám saman hljóð bylting í möguleikum launafólks til menntunar.

En þó að margvísleg réttindi hafi náðst fram og staða launafólks sé allt önnur en á síðustu öld er margt óunnið. Nú á 21. öld er enn á meðal okkar fólk sem býr við sárustu fátækt. Annarsvegar þeir sem hafa of lágar tekjur eða bætur til þess að lifa af og hins vegar fólk sem stendur ekki undir greiðslubyrði skuldbindinga sem það hefur tekist á hendur. Í mörgum tilvikum er þar um að ræða afleiðingar tekjutenginga í skatt- og bótakerfi samfélagsins.

Við íslendingar eigum að sameinast um að greina þann vanda sem hvílir að baki fátækt hér á landi. Við eigum að ákveða að takast á við hann. Við sættum okkur ekki við að hjá einni auðugustu þjóð veraldar þurfi fátækt fólk að sækja matargjafir til líknarsamtaka.

Sem samfélag höfum við alla burði til þess að gera betur. Á tyllidögum tölum við um að skapa velferð sem nái til allra en bætum því við að það kosti því miður mikið. Hvað með það? Fjármunirnir eru til. Réttindin sem við búum við í dag hefðu aldrei komið ef við hefðum ekki haft kjark til að takast á við verkefnin. Sýnum því kjark og tökumst á við það verkefni að afmá fátæktina af landinu okkar.

1. maí er dagur til að strengja þess heit.

Viðhorfskönnunin

Viðhorfskönnunin sem Gallup vann fyrir félög Flóabandalagsins er um margt mjög jákvæð fyrir félögin. Greinilegt er að félagsmenn líta með velþóknun á margt í starfi og stefnumótun félaganna.

Það eru mikil verðmæti fólgin í þeim svörum sem félagsmenn okkar gáfu í könnuninni. Viðhorf og sjónarmið félagsmanna sýna félagsstjórnnum hvort þær eru á réttri leið eða hvort leiðrétta þurfi kúrsinn.

Þannig gefur könnunin góðar upplýsingar um viðhorf félagsmanna til menntunar og eru flestir félagsmenn sammála stefnu félagsins í því efni. Félagsmenn eru greinilega sáttir við stefnuna í orlofsmálum og sjúkrajóðsmálum en mikilvægast er að sjá að sjónarmið félagsmanna fara algerlega saman við stefnu félagsins í kjaramálum undanfarin ár. Þá er ljóst að flest félagsfólk á aðgang að tölvum á heimilum sínum og því mikilvægt að félagið standi áfram fyrir ódýrum tölvunámskeiðum fyrir félagsmenn. Með sama hætti er að finna leiðbeinandi svör varðandi orlofsmál félagsins þar sem fjórðungur félagsmanna kallar eftir öðrum valkostum en hefðbundnum orlofshúsum.

Könnunin virkar því sem hvati til þess að vinna enn betur að málum félagsmanna.

Sigurður Bessason

EFNISYFIRLIT

Guðmundur, Halldór og Eðvarð	4	Grunnmenntaskólinn	34
Gömlu kynnin	10	Sjóuð með körlunum	34
Miklar væntingar	14	Fríður hópur	38
Beinskeyttari barátta	16	Hreyfingin sem beygði Ford	40
Ofsalega pirrandi	21	Sumarnámskeið fyrir börn	42
Til Portúgal	22	Varist gylliboðin	46
May 1st greeting	23	Fólk vill tryggja fjárhaginn	47
Gallup könnun	30		

Rætt við Óskar Ólafsson, fyrrverandi starfsmann í Áburðarverksmiðju

Guðmundur J, Eðvarð og Halldór minnstæðastir

Í fyrsta skipti sem ég fór í kröfugönguna og var stór hópur fólks á gangstéttum sem öskraði ókvæðisorð að okkur og skammaðist yfir því að við værum að taka þátt í göngunni en það er liðin tíð sem betur fer





Þú fellur aldrei á tíma

– í útgjaldadreifingu Búnaðarbankans

Greiðslubyrði fólks sveiflast iðulega milli mánaða og hjá öðrum sveiflast tekurnar einnig. Þegar endar ná ekki saman vill raunin oft verða sú að fólk dregur að greiða einhverja reikninga og endar síðan í vitahring dráttarvaxta og vanskila.

Taflan hér fyrir neðan er dæmi um greiðslu dráttarvaxta á nokkrum reikningum sambærilegum við það sem margir eru að greiða. Með því að vera í útgjaldadreifingu Búnaðarbankans losnar þú við gluggapóstinn og biðraðirnar um mánaðamótin, reikningarnir eru ávallt greiddir á réttum tíma og þá mánuði sem endar ná illa saman brúar bankinn bilið.

Dæmi um aukakostnað vegna mánaðarlegra útgjaldaliða ef greiðsla dregst um 20 dagar:

	Mánaðarleg greiðsla	Dráttarvextir og vaxskattgjald á mánuði	Samtals á ári
Afborgun af húsbrefum	40.000 kr.	882 kr.	10.584 kr.
Afborgun af bílaláni	30.000 kr.	1.292 kr.	15.504 kr.
Afnotagjald sjónvarps	2.250 kr.	254 kr.	3.048 kr.
Símareikningur	8.000 kr.	104 kr.	1.248 kr.
Rafmagn og hiti	10.000 kr.	581 kr.	6.972 kr.
Samtals		3.113 kr.	37.356 kr.

Fáðu greidda vexti ...

Í stað þess að greiða umtalsverðar fjárhæðir í dráttarvexti getur þú safnað sambærilegri fjárhæð og varið henni í reglubundinn sparnað. Þannig getur þú safnað í sjóð og átt von á veglegum sparivinningi, því árlega eru dregnir út 50 sparivinningar.

... í stað þess að greiða vexti

Komdu skipulagi á fjármálin á einfaldan og þægilegan hátt með útgjaldadreifingu Búnaðarbankans. Þú losnar við sveiflur í útgjöldum milli mánaða, sleppur við dráttarvexti og átt jafnvel góðan afgang.



Heimilislinan
Fjármálin í öruggum höndum



BÚNAÐARBANKINN
- traustur banki



Eftirminnilegustu samferðarmenn mínir á þessum árum voru formenn Dagsbrúnar þeir Eðvarð Sigurðsson sem var mikið þrúðmenni, Guðmundur J. Guðmundsson sem var þeirra harðastur, sérstaklega á sínum yngri árum og Halldór Björnsson sem leiddi sameiningu stéttarfélaganna af mikilli lipurð

Ég fæddist 14. maí 1931 að Hurðarbaki í Svinadal í Borgarfjarðarsýslu og ólst þar upp við aðstæður eins og þá tíðkuðust. Hesturinn var þarfasti þjónninn og handaflíð var notað til allra verka. Ég vann í heyskap öll sumur og sló fyrst með orfi og ljá þegar ég var 10 ára. Fyrsta starf mitt til að afla peninga var að ég vann sem kúskur í vegavinnu árið 1944 ekki langt frá heimahögunum og 18 ára vann ég um sumarið við hvalskurð og annað sem til fell í Hvalstöðinni í Hvalfirði. Þannig mæltist Óskari Ólafssyni í viðtali við Fréttablað Eflingar sem hér fer á eftir. Óskar er félagsmönnum Eflingar að góðu kunnur, en margir kannast við hann úr starfinu fyrir félagsmenn í Áburðarverksmiðjunni á sínum tíma og stjórnarmann í Dagsbrún. Við spurðum Óskar frekar um nám hans og störf.

Næst lá leiðin í Bændaskólann á Hvanneyri og þar var ég við nám í tvo vetur og útskrifaðist sem búfræðingur. Í kennslunni fólst m.a. að maður var látinn handgrafa skurði eins og tíðkaðist fyrr á öldum en seinna lærði ég aðeins á skurðgröfu.

Að námi loknu fluttist ég til Reykjavíkur og hóf fljótlega störf í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi sem var þá á síðari hluta byggingarstigs en fór í gang í mars árið 1953.

Það sama ár og í sama mánuði giftist ég eigin konu minni, Margréti Þorbjörgu Jafetsdóttur og eignuðumst við þrjú börn en Margrét átti eina dóttur fyrir.

Í Áburðarverksmiðjunni vann ég samfelld til ársins 1999. Þá var ég orðinn 68 ára og var boðinn svokallaður starfslokasamningur þannig að ég hélt launum til sjötugs.

Allt mjög framandi þá


Hvernig var umhorfs í Áburðarverksmiðjunni þegar þú hófst störf þar?

Það var mikill stóriðjubragur á öllu. Verksmiðjan var byggð á nýtskulegan hátt og allt var mjög framandi í augum okkar sem vorum að hefja störf þar en við vorum fljót að aðlagast nýjum aðstæðum. Það var vel hugsað fyrir vinnuáðstöðu starfsmanna en sumstaðar var mikill hávaði og á öðrum stöðum mikið ryk fyrstu árin en seinna komu alls konar öryggis-tæki sem gerðu okkur tilveruna bærilegri. Ég vann við vélgæslu í köfnunarefnaverksmiðjunni fyrstu árin en fluttist svo í stjórnstöð og hélt áfram vélgæslu þar þangað til ég hætti störfum.

Um 50 manns unnu á vöktum alla daga vikunar en fóru yfir 200 þegar mest var að gera á sumrin. Flestir starfsmennirnir voru Dagsbrúnarmenn en með vélvæðingunni sem orsakaði miklar breytingar í verksmiðjunni komu nýir menn úr öðrum stéttarfélögum til starfa. Vaktin var þrískipt og á hverri vakt var unnið í 8 tíma á sólahring 6 daga samfelld og svo var yfirleitt einn frídagur áður en næsta törn tók við. En seinna styttist vinnuvikan eftir átök starfsmanna við vinnuveitandann sem var ríkið og við fengum m.a. lengra frí á milli vakta. Síðustu árin vann ég á tvískiptum vöktum með löngum fríum.

Árin í stjórn Dagsbrúnar

Þú áttir sæti í stjórn Dagsbrúnar í nokkur ár? Já, ég hafði alltaf mikinn áhuga á félagsmálum og gekk í Dagsbrún þegar ég byrjaði að vinna í Áburðarverksmiðjunni. Fljótlega fór ég að hafa afskipti af samningamálum og hef tekið þátt í öllum kjarasamningum síðan. En það var ekki fyrr en ég gerðist trúnaðarmaður árið 1974 að ég varð virkur í félagsstarfinu. Ári seinna tók ég sæti í stjórnina og starfaði þar í 12 ár og hef m.a. setið á öllum þingum Alþýðusambands Íslands frá 1976. Á árunum 1950 til 1980 var mikill áhugi á að berjast fyrir bættum kjörum og á því tímabili náðust fram orlofsréttur, veikindaréttur, atvinnuleysistryggingar og einnig voru gerð stór átök í húsnæðismálum. Þá var vinnutíminn stytur í 40 vinnustundir á viku og ýmislegt fleira væri hægt að nefna. Þetta náðist fram eftir mikil verkfallsátök.



Neutral

verndar viðkvæma húð





Óskar Ólafsson ásamt eiginkonu sinni Margréti Þorbjörgu Jafetsdóttur. Við starfslok hafði Óskar lengstan starfsaldur þeirra sem höfðu unnið í Áburðarverksmiðjunni.

Tók þátt í langa verkfallinu 1955

Ég tók þátt í verkfallsgæslu hjá Dagsbrún í 6 vikna verkfalli á almennum vinnumarkaði 1955 þó að það beindist ekki að mínum vinnuveitanda. Þá gekk mikið á og menn reyndu að loka öllum samgönguleiðum til Reykjavíkur. Þá var reynt að stöðva allan flutning á mjólk, matvælum, bensíni og yfir leitt öllu sem til náðist um svo kallaðar flóttamannaleiðir. Það sem náðist í af mjólk og bensíni var umsvifalaust hellt niður. Ég held að þetta sé harðasta verkfall sem ég man eftir og ástandið var orðið hörmulegt hvað varðaði allar nauðsynjar þegar því lauk.

Lengsta verkfall í Áburðarverksmiðjunni

Síðan urðu verkföll mjög tíð hjá okkur. Lengsta verkfall sem við í Áburðarverksmiðjunni tókum þátt í stóð í 6 vikur. Það var árið 1975 og stóðu starfsmenn í öllum ríkisverksmiðjunum að því. Reynt var að stöðva það með bráðabirgðalögum en fólk mætti ekki til vinnu og verkfallið leystist ekki fyrr en eftir langvarandi átök og miklar deilur meðal annars í fjölmiðlum.

Eftirminnilegustu samferðarmenn mínir á þessum árum voru formenn Dagsbrúnar þeir Eðvarð Sigurðsson sem var mikið prúðmenn, Guðmundur J. Guðmundsson sem var þeirra harðastur sérstaklega á sínum yngri árum og Halldór Björnsson en hann leiddi sameiningu nokkura stéttarfélag af mikilli lipurð þannig að úr varð Efling - stéttarfélag. Þar er ég enn í trúnaðarráði. Þegar Dagsbrún hélt upp á 90 ára afmæli sitt með glæsibrag í Borgarleikhúsinu 27. janúar 1996 veittist mér sá heiður að fá afhent heiðursmerki félagsins og vera gerður að heiðursfélagi.

1. maí og kynslóðin þín

Hvaða þýðingu hafði 1. maí fyrir þína kynslóð?

Hann sameinaði fólk í verkalýðsbaráttunni og þannig er það líka í dag þó að hann sé orðinn meiri hátíðardagur. Þegar ég kom til Reykjavíkur 1948 til að taka þátt í 1. maí hátíðarhöldunum í fyrsta skipti fór ég í kröfugönguna og þá var stór hópur fólks á gangstéttum sem öskraði ókvæðisorð að okkur og skammaðist yfir því að við værum að taka þátt í göngunni en það er liðin tíð sem betur fer.

Hvað tók við hjá þér eftir starfslok?

Ætli það sé ekki eins og hjá flestum að okkur hjónum hefur gefist meiri tími til að sinna eigin hugðarefnum. Við byggðum okkur sumarbústað í Grímsnesi árið 1978 og þar er óendanleg vinna við allskonar ræktun öllum í fjöldskyldunni til mikillar ánægju. Svo förum við mikið í gönguferðir og ferðumst um landið á eigin vegum og með ferðahópum á vegum Eflingar. Á haustin höfum við farið í mjög skemmtilegar bænduferðir til Ítalíu, Austurríkis og Þýskalands og skoðað m.a. vínræktarhéruð. Fyrir nokkrum árum tók ég upp á því að safna merktum pennum og hafa pennaskipti og í dag á ég eitthvað um 4000 penna. Þar á meðal eru margar gerðir af Dagsbrúnarpennum sem ég lít á sem dýrgrip og læt ekki frá mér.

Ég held að þetta sé harðasta verkfall sem ég man eftir og ástandið var orðið hörmulegt hvað varðaði allar nauðsynjar þegar því lauk

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparfari til þess að hætta eða draga úr neykingum. Það inniheldur nikótín sem kemur úr þá þegar sugað er hlöppast í munnum og dragur úr fólksvæðingum þegar neykingur er hætt. Tygga skal allt stýkt í smá, hægt og rólega, til að vinna gegn neykingþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn en ekki má tygga fleiri en 25 stík á dag. Eðli er ráðlagt að nota lyfð lengur en 1 ár. Rýmið ykkur var loftslagslegur sem tygga þakkingu. Það er þú sem bætir hvernig þú ert sjá.

Njóttu leiksins, reyklaus!

Dreptu í með Nicotinell!

Nú færðu Nicotinell tyggjó með stökkri
húð utan um mjúkt tyggjólið sem fæst
með piparmyntu og ávaxtabragði.



NÝTT
NÝTT
NÝTT

Stökk húð utan um
mjúkt nikótín tyggigúmmíð

Nicotinell®

Eldri félagsmenn skemmta sér með Eflingu

Húsfyllir á Broadway



Glaðværd og vinsemd endurfunda einkenndi samkoma



Auðunn Valdimarsson þenur nikkuna

Það var rífasti stemmning strax og eldri Eflingarfélagar fóru að tínast til hins árlega kaffisamsætis á Broadway sunnudaginn 17. mars s.l. Gamli vinnufélagar, vinir og kunningjar heilsuðust með miklum innileik og gáfu sér tíma til að rifja upp góða stund eða spaugilegt atvik úr fortíðinni áður en gengið var til sætis.

Á annað þúsund Eflingarfélagar og gestir þeirra mættu á þessa vinsæla samkomu sem festir sig æ betur í sessi með hverju árinu sem líður og er nú orðin ómissandi þáttur í félagsstarfi Eflingar.

Eins og búist var við gekk allt eins og í sögu og öðruvísi gat það ekki verið. Dagskráin var vönduð enda tóku gestir vel á móti ræðumönnum og listafólki.

Guðmundur Þ Jónsson setti samkomuna og var jafnframt kynnr. Kynningin fórst honum vel úr hendi enda maðurinn vanur. Sigurður Bessason, formaður Eflingar, flutti ávarp og fjallaði um þann mikla arf sem eldri kynslóðir skilja eftir sig bæði í veraldlegum gæðum og ekki síst í félagslegum réttindum. Þórunn Sveinbjörnsdóttir fjallaði um aðbúnað aldraða.

Edda Björgvinsdóttir, leikkona fór með gamanmál og var ekki að sökum að spyrja, hún fór hreinlega á kostum við mikinn fögnuð viðstaddra og var mikið hlegið og klappað. Söngkvartett, Borgarkvartettinn, söng og fóru með vísur. Þeir gerðu einnig góða lukku. Hin sífuga



Edda Björgvins fer á kostum

og vinsæla hljómsveit **Kjarnar** léku áður en veitingar voru bornar fram. Einnig léku þeir fyrir dansi. Þeir félagar Auðunn Valdimarsson, Baldvin Arason og Jóhannes Sveinbjörnsson,

sem skipa hljómsveitina, hafa fylgt okkur all-
lengi og verður framlag þeirra til þessara
skemmtana seint fullþakkað.

Námsflokkar Reykjavíkur

Starfssemin vorið 2002

Skiptist í:

Almenna flokka	50 hópar	400 nemendur
Átaksverkefni	6 hópar	57 nemendur
Vinnumarkaðsfræðsla	6 hópar	200 nemendur
Prófanám (16 kennslugreinar)	28 hópar	301 nemandi þar af 100 nem í fjarnámi.
Íslenska f. útlandinga	40 hópar	452 nemendur (frá 70 þjóðum)

Hópar sem óska eftir fræðslu í einhverju fagi sem ekki er á kennsluskrá geta snúið sér til okkar og við reynum að verða við óskum þeirra.

Sumarskóli fyrir nýbúa, börn og fullorðna, verður haldinn í júlí 2002. Innritun er frá 10. júní n.k. Kennsla hefst 8. júlí.

Upplýsingar á skrifstofu Námsflokka • Frikirkjuvegi 1 • Sími 551 2992
<http://www.namsflokkar.is> • nfr@namsflokkar.is



Fullbókað í nokkrar ferðir

Enn laus sæti í sumarferðir

Vel hefur gengið að skrá í sumarferðir Eflingar-stéttarfélags og er nú fullbókað til Vestmanneyja. Verið er að kanna með viðbótarsæti fyrir fleiri félaga. Þá hefur innritun í ferðina norður gengið mjög vel og eru aðeins nokkur sæti laus.

Gönguferðin í Bæjarstaðaskóg er að bókast en þar eru einnig laus sæti.

Þá er komin verulegur fjöldi í ferðirnar til Hollands, Belgíu og Þýskalands en þar eru einnig nokkur sæti laus.

Þeir sem áhuga hafa vinsamlegast hringið í síma 510 7500 og biðið um Hildi Kjartansdóttur sem veitir nánari upplýsingar.



Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags

Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags verður haldinn þriðjudaginn 30. apríl .
Fundurinn verður haldinn í Kiwanishúsinu við Engjateig og hefst kl. 20.00.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreytingar
3. Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar liggja frammi á skrifstofu Eflingar að Sætúni 1
Reykjavík frá og með 23. apríl nk.

Félagar fjölmennið
Kaffiveitingar

Stjórn Eflingar-stéttarfélags

Reikningst.
lífeyrissj



Guðlaugur Bjarnason

Nýir stjórnarmenn í Eflingu

Nýir stjórnarmenn taka við í stjórn Eflingu-stéttarfélags á aðalfundi félagsins 30. apríl 2002. Fréttablað Eflingar tók hús á þeim og spurði nokkurra spurninga um verkalyðshreyfinguna, 1. maí og þá sjálfa. Svörin fara hér á eftir.

Miklar væntingar til stjórnarinnar



segir **Guðlaugur Bjarnason** sem er 52 ára Reykvikvingur og hefur unnið á bensínstöð Olís í Mjódd í Breiðholti síðastliðin fjögur ár. Hann er giftur og á þrjú börn og fimm barnabörn. Hann var spurður af hverju hann gæfi kost á sér til stjórnarsetu í Eflingu.

Það var stungið upp á mér af einhverjum góðviljuðum aðilum. Ég hef mikinn áhuga á félagsstörfum og langar til að koma betur að málum og hafa áhrif.

Hvaða væntingar hefurðu til stjórnarinnar? Ég hef miklar væntingar til hennar enda

fram tíðin björt þó að það sé mikil barátta framundan í launa og menntamálum og réttindamálum almennt. Ég held að aukin menntun verkafólks sé kannski það sem þarf til að bæta kjörin í framtíðinni.

Hvaða þýðingu hefur 1. maí í þínum huga?

Hann er frídagur verkalyðsins og hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir samstöðu hinna vinnandi stétta og þess vegna er nauðsynlegt að sem flestir mæti í kröfugöngur og á útfundi um allt land.

Einhuga og samheldin stjórn



segir **Steinn G. Lundhólm** sem er 54 ára og hefur keyrt mjólkurbíl hjá Mjólkursamsölu Reykjavíkur í 16 ár. Hann ólst upp í Hveragerði til átta ára aldurs en flutti þá í Kópavoginn og býr þar núna ásamt föður sínum. Hann var giftur og átti þrjú börn en eitt lést á unga aldri.

Aðspurður af hverju hann gæfi kost á sér í stjórn Eflingar sagði hann að það hefði verið hringt í sig og sér tjáð að nafn hans hefði kom-

ið upp hjá uppstillingarnefnd. Og vegna þess að ég hef áhuga á verkalyðsmálum ákvað ég að gefa kost á mér til stjórnarsetu, segir hann.

Ég hef verið viðloðandi félagsstjóri síðan ég var unglingur og tók m.a. þátt í að stofna unglingadeild í Kópavoginum sem síðan varð björgunarsveit og ég starfaði þar í stjórn í mörg ár. Þá hef ég setið í stjórnnum hjá JC, Kennara og foreldrafélagi Breiðholtsskóla og í dag er ég ritari í stjórn Kiwanisklúbbs.

Hvaða væntingar hefurðu til stjórnar Eflingar?

Í mínum huga er mjög mikilvægt að stjórnin sé samheldin og einhuga í störfum sínum þó að fólk hafi mismunandi skoðanir á málum sem hún þarf að takast á við. Ég hef kynnst því svolítið í mínu starfi að það er mikil óánægja með lægstu launin þannig að vonandi verður reynt að ná þeim upp. Kjaramálaumræðan í dag beinist eingöngu að rauðu strikunum en það er minna talað um að ýmsir hópar hafa hækkað meira í launum en Eflingarfólk síðan við gerðum síðasta kjarasamning og mér finnst að það megi koma meira inn í umræðuna.

Hvað finnst þér um verkalýðsbaráttuna og hvaða breytingar viltu sjá á henni í framtíðinni?

Ef verkalýðsbarátta er ekki til staðar þá held ég að ástandið verði miklu verra en það er í dag. Það er mjög mikil þörf á öflugri verkalýðsbaráttu sem sýnir meiri hörku og meira frumkvæði en áður.

Hvaða merkingu hefur 1. maí fyrir þig?

Hann er nauðsynlegur baráttudagur til að þjappa verkalýðshreyfingunni saman þannig að hún geti sýnt meiri samstöðu úti í samfélaginu.



Steinn G. Lundhólm

...og kroppurinn blómstrar



FRÍ HEIMSENDING

ef þú kaupir
fyrir 1500 kr
eða meira



VEITINGA & VÖRUHÚS

NINGS

Sudurlandsbraut 6 Reykjavík sími 588 9899 • Hlíðarsmára 12 Kópavogi sími 544 5222

Nýkaup, Kringlunni, sími 588 7171



Guðrún Sigríður Steindórsdóttir Briem

Beinskeittari og harðari baráttu



segir **Guðrún Sigríður Steindórsdóttir Briem** sem er 38 ára reykvísk einstæð móðir með þrjú börn og vinnur á vélum í Hampiðjunni. Hún sagðist gefa kost á sér til stjórnasetu vegna þess að hún telji mikilvægt að fólk væri tilbúið að taka þátt í verkalýðsbaráttunni sem væri framundan og hún vildi leggja sitt af mörkum.

Hvaða væntingar hefurðu til stjórnarinnar?

Ég vona að það verði haldið áfram á þeirri braut að bæta kjör þeirra sem eru verst settir og vernda réttindi sem hafa áunnist fram að þessu og jafnvel að bæta um betur. Einnig er mjög mikilvægt að efla fræðslumálin því að þar liggja möguleikarnir til að fá launin hækkuð. Þá þarf að auka upplýsingaflæðið til félaga af erlendum uppruna eða þeirra sem eru með tímabundið atvinnuleyfi vegna þess að þetta

fólk talar ekki íslensku og spyr ekki um réttindi sín. Ég mun beita mér fyrir því að þessum málum verði betur sinnt.

Hvað finnst þér um verkalýðsbaráttuna og hvaða breytingar viltu sjá á henni í framtíðinni?

Mér finnst að hún mætti vera beinskeittari heldur en hún hefur verið og harðari. Það á ekki alltaf að segja já og amen við öllu. Menn verða líka að kunna að segja nei. Það eru t.d. margir óánægðir með að rauðu strikin voru færð. Í framtíðinni vonast ég til að sjá mun öflugri verkalýðshreyfingu sem stendur fast á sínu.

Hvaða þýðingu hefur 1. maí í þínum huga?

Hann er bæði baráttudagur og ekki síður hátiðisdagur allra í verkalýðshreyfingunni.

BÓN- OG ÞVOTTASTÖÐIN

Sóltúni 3
Sími 551 4820

Veistu?

....að hjá Tölvuskóla Reykjavíkur færð þú sérstaka afslætti vegna aðildar Eflingar að skólanum?

Sparisj vélstj



Björg Elfa Hansdóttir

Baráttudagurinn 1. maí

Fréttablað Eflingar brá sér á nokkra vinnustaði í tilefni af því að 1. maí er framundan og spjallaði við nokkra félagsmenn. Þeir voru spurðir um baráttudaginn og einnig um vinnustaðafundi sem forystumenn Eflingar hafa haldið á fjölmörgum vinnustöðum á undanförunum vikum.

Vil sjá sterkari hreyfingu



- segir Björg Elfa Hansdóttir vinnur í þökkun hjá Lyfjafyrirtækinu Delta í Hafnarfirði. Hún sagði að starfið væri mjög skemmtilegt og að það væri gott að vinna þar. Hún var spurð hvernig henni hefði fundist fundurinn með forystumönnum Eflingar á dögnum.

Mér fannst fundurinn góður og ég heyrði margt sem ég vissi ekki áður eins og um námsstyrki og fleira. Ég hafði ekki hugsað mikið um þessi mál og ekki félagsstarfið heldur þannig að það var mjög gott að fá þetta fólk til að fræða okkur um starfið hjá Eflingu og hvaða

rétt við höfum til ýmsra hluta. Fólk var almennt mjög ánægt með þetta framtak.

1. maí hefur aldrei haft neina stóra þýðingu fyrir mig persónulega en hann er sjálfsagt nauðsynlegur til að minna á kjarabaráttuna.

Hvernig viltu sjá verkalýðshreyfingu þróast í framtíðinni?

Ég vil sjá hana sterkari því mér finnst hún hafi verið hálf veikburða fram að þessu. Mér finnst t.d. að í staðinn fyrir prósentuhækkanir mætti leggja meiri áherslu á hækkun skattleysismarka.

Stöndum fastar saman



- segir Einar Bergmann Sveinsson vinnur sem aðstoðarmaður flugvirkja í flugskýli Landhelgisgæslunar á Reykjavíkflugvelli. Hann sagði að starfið væri mjög fjölbreytt.

Við sjáum um að halda flugskýlinu hreinu, setja eldsneyti á flugvélnar og ganga frá þegar þær koma til baka. Þá gerum við allt klárt fyrir næsta útkall og ýmislegt fleira sem til fellur.

Fundurinn með forystumönnum Eflingar tókst mjög vel. Á þeim tímapunkti stóðum við í kjarabaráttu og gátum rætt þau mál sem við vildum ná fram við Eflingarfólkið. Það leiddi síðan til þess að við náðum flestum okkar kröfum fram með góðri aðstoð Eflingar.

Hvað finnst þér um verkalýðsbaráttuna og hvernig viltu sjá hana þróast í framtíðinni?



Einar Bergmann Sveinsson

Verkalýðsbaráttan er ekki upp á marga fiska. Ég held að til að ná einhverjum árangri verði einstaklingarnir að standa fastar saman og vera virkari í baráttunni í stað þess að sitja hver í sínu horni og kvarta um léleg kjör. Að sama skapi finnst mér að stéttarfélagið eigi að hugsa meira um einstaklinginn en ekki bara um hópa

eins og gert hefur verið.

Hvaða þýðingu hefur 1. maí í þínum huga?

Ég er það ungur að ég þekki ekki sögu 1. maí mjög vel en það er alveg öruggt að það er ekki lögð eins mikil áhersla á kjarabaráttu og áður á þessum degi og hann er ekki eins mikill hátíðisdagur hjá mér og eldra fólki.

Vertu á verði

Í verslunum eiga allar vörur að vera verðmerktar, hvort sem þær eru inni í verslun eða í búðarglugga.

Hjá þjónustufyrirtækjum eiga verðskrár að liggja frammi á áberandi stað.

SAMKEPPNISSTOFNUN



Mjög gagnlegur fundur með Eflingu



Guðmann Már Guðmannsson

- segir Guðmann Már Guðmannsson sem sér um flutninga á nýjum bílum út á land hjá Heklu. Hann sagði að vinnusaðafundurinn með forystumönnum Eflingar hefði verið mjög gagnlegur og að þar hefðu komið fram upplýsingar um mál sem menn hefðu ekki alveg verið með á hreinu og einnig ýmislegt fleira sem væri í farteskinu hjá félaginu.

Varðandi verkalýðsbaráttuna og þróun hennar í framtíðinni sagðist hann vera það ungur að hann þekkti ekki þá hörku sem áður tíðkaðist í kjarabaráttuni og að hann hefði ekki myndað sér neina skoðun á hvernig hún ætti að vera í framtíðinni.

Hefurðu tekið þátt í 1. maí hátíðarhöldunum?

Nei. En ég hef fengið frí eins og aðrir og nota daginn mjög vel og fylgist svo með hátíðarhöldunum í kvöldfréttum sjónvarpsins.

Þarf að sýna aukna hörku



Hjálmar Gunnarsson

- segir Hjálmar Gunnarsson sem hefur unnið hjá Fiskkaupum í 12 ár sem fiskmatsmaður og gerir líka við vélarnar þegar þær bíla. Hann sagði að 1. maí hefði litla þýðingu fyrir sig og að hann hefði ekki tekið þátt í hátíðarhöldunum undanfarin ár. Mér finnst þetta ekki vera neinn baráttudagur lengur og kröfurnar í kjarasamningum eru ekki upp á marga fiska.

Hvað finnst þér um verkalýðsbaráttuna á undanförunum árum?

Verkalýðsbaráttan á alltaf rétt á sér en það þarf að sýna viðsejendum okkar miklu meiri hörku til að ná einhverju fram og forystumenn verkalýðsfélagana verða að standa sig miklu betur í samningum.

Efling-stéttarfélag

Viðtalstímar lögmanna

Minnt er á viðtalstíma lögfræðinga félagsins. Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason eða Karl Ó. Karlsson eru til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverjum þriðjudegi frá kl. 13.00 - 16.00. Lára V. Júlíusdóttir er til viðtals fyrir félagsmenn annan hvern miðvikudag frá kl. 14.00 - 16.00.

**Er trúnaðarmaður á
þínum vinnustað?**

Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500

Félagar!
Fylgist með réttindum ykkar

Ofsalega þírrandi

að fá ekki launin á réttum tíma
- segja skólakrakkar sem vinna með námi



Myndin tengist ekki efni þessarar greinar

Vinna unglunga með skóla hefur aukist mikið á liðnum árum. Nú er svo komið að mikill meirihluti unglunga í skóla vinnur einhver hlutastörf með námi. Því miður eru dæmi þess að atvinnurekendur nýti sér vanþekkingu unglunga á kjarasamningum og greiði ekki samkvæmt lágmarkssamningum. Nokkur ungmenni sem eru í menntaskóla og vinna með náminu í kvikmynda og veitingahúsum höfðu samband við starfsfólk Eflingar og sögðu farir sínar ekki sléttar í samskiptum við vinnuveitendur sína.

Okkur finnst við beitt miklum órétti varðandi launin. Það er sama hvort við vinnum dagvinnu, eftirvinnu eða helgarvinnu þá fáum við alltaf sama tímakaupið sem kallast jafnaðarkaup sem er ekki samkvæmt samningum, en auðvitað viljum við fá greitt eftir dagvinnutaxta og yfirvinnutaxta eins og kjarasamningar gera ráð fyrir.

Krakkar sem hafa unnið um jól og páska hafa líka fengið jafnaðarkaup sem er alveg fáránlegt. Svo fáum við yfirleitt ekki útborgað fyrr en annan virkan dag mánaðarins sem þýðir að ef 1. dagur mánaðar er t.d. á föstudegi verðum við að bíða alla helgina eftir laununum sem er ofsalega þírrandi.

Á sumum veitingastöðum eru krakkarnir látnir þrífa eftir lokun á kvöldin og ef þau ná ekki að klára fyrir miðnætti þegar strætó hættir að ganga þurfa þau að ganga heim. Starfsfólk kvikmyndahúss sagði eitt ungmennið hafa haft samband við Eflingu vegna þess að þau vildu fá greidd laun fyrir vinnu um síðustu jól samkvæmt kjarasamningi. Vinnuveitandinn

neitaði og sagðist greiða jafnaðarkaup eins og áður. En eftir að einhver frá Eflingu hafði samband kom annað hljóð í strokkinn og fólkið fékk greitt eftir samningi.

Oft eru allt of fáir starfsmenn á vakt þegar mikið er að gera og þá fáum við engann matartíma. Það þarf að hvetja alla krakka sem ætla út á vinnumarkaðinn að gæta þess að semja um kaup og kjör áður en þau hefja störf og gera formlegan og skriflegan ráðningarsamning. Þá þarf að fylgjast vel með að vinnutíminn sé rétt skráður því að það er nokkuð algengt að reynt sé að svindla á honum með því að skrá færri tíma á launaseðla, t.d. með því að halda dagbók. Einnig er nauðsynlegt að fylgjast vel með að veikindadagar séu skráðir. Annars eru þeir ekki greiddir.

Við gætum haldið svona áfram en látum hér staðar numið í von um að Efling getið komið vinnuveitendum í vissum starfsgreinum til að sjá sig um hönd þannig að þeir fari að koma fram við okkur eins og þeir vilja að við komum fram við þá. Það er að segja með gagnkvæmri virðingu, sögðu ungmennin að lokum.

Eins og sjá má af ofangreindum dæmum er aldrei of varlega farið þegar verið er að ráða sig til vinnu. Efling hvetur alla þá sem ætla að taka að sér hlutastörf, oft á tímum sem eru tuan hefðbundins dagvinnutíma, að semja fyrirfram um laun, vinnutíma og önnur kjör og fara fram á að fá slíkt skriflega staðfest með ráðningarsamningi. Alltaf er hægt að hafa samband við skrifstofu Eflingar og fá aðstoð ef einhverjar spurningar vakna varðandi ráðningarkjör.

Það þarf að hvetja alla krakka sem ætla út á vinnumarkaðinn að gæta þess að semja um kaup og kjör áður en þau hefja störf og gera formlegan og skriflegan ráðningarsamning



Eldri félagsmenn í sólina

Eflingarfélagar til Portúgal



Að þessu sinni halda eldri félagsmenn Eflingar til Portúgal seinni hluta aprílmálaðar. Ferð eldri borgara til sólarstranda hefur verið árviss viðburður hjá Eflingu-stéttarfélagi undanfarin ár og lengst af var farið á strandir Benidorm. Að þessu sinni er það Úrval – Útsýn sem flytur Eflingarfélagi til Albufeira í Portúgal. Um 70 manns á vegum Eflingar fara í ferðina.

Það verður skemmtilegt fyrir eldri félagsmenn Eflingar að koma til Portúgal en landið býr frá fornu fari yfir óendanlegum tilbrigðum lífs og listar. Það er land skuggsælla skóga,

öldusorfinna kletta, sólgylltra stranda og hvít-kalkaðra húsa. Land þar sem mikilúðleg virki, virðulegir kastlar, þöglar kirkjur og syngjandi vindmyllur standa eins og þessar byggingar hafi orðið viðskila við nútímann.

Í Algarvehéraði kúra lítill hús með skrautlega skorsteina hvert upp af öðru og leita að forsælu innan um fíkju-, möndlu-, kork-, og ólívutré. Í fískimannabænum Albufeira má sjá geðþekka trillukalla dytta að netum sínum og bátum og ofan við ströndina byggingar með márísku yfirbragði tylla sér á klettasyllur meðfram tæru Atlantshafinu. Þarna mætast gamall og nýr tími og útkoman verður heillandi.

Með í ferðinni er hjúkrunarfræðingur á vegum ferðaskrifstofunnar sem eldri félagsmönnum þykir mikið öryggi að hafa aðgang að.

Skemmtanastjóri er á vegum ferðaskrifstofunnar sem m.a. hefur umsjón með afþreyingu ýmiss konar svo sem leikfimi, gönguferðum, kvöldvökum o.s.frv..

**Parna mætast gamall og nýr tími
og útkoman verður heillandi**



Efling trade-union

1'st of May greeting to foreign union-members

Greetings to members in Efling - trade union. Since you are living and working here in Iceland we would like to tell you a little bit about 1.st of May here in Iceland.

1'st of May is an international labour day, a day to remind all workers of the struggle of workers all around the world. Here in Iceland this day is a national holiday. Generally the employers respect this day as a holiday. It is really an exception if employees have to work on this day. This, however, does not apply to those working in caring such as in hospitals and older people's homes, neither to those working in hotels and restaurants where employees have to work as usual.

Those who are working on 1'st of May get higher shift differential payments or overtime according to respective agreements.

The unions in Reykjavík have organised a march in the center and an outdoor meeting for the last 79 years. This year they have, as usual, planned a march and meeting at Lækjartorg. The march starts at 13:00 and the meeting at 14:00. After the meeting Efling invites all its members to a coffee at the Kiwanis-house at Engjateig 11.

Efling - trade union extends good wishes to all members on the international Labour day.



FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

Mennt er máttur

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk og starfsmenn fiskimjölsverksmiðja.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál, mannleg samskipti og umhverfismál.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum



**Starfsfræðslunefnd
fiskvinnslunnar**

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
Sími 560 9670 Fax 562 1853 netfang hulda@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda.

What do you know about your trade-union?

Read all about EFLING-TRADE UNION




EFLING — trade union is one of the largest unions in Iceland with approximately 16.000 members and covers all areas of unskilled labour in Reykjavík and its suburbs, except for employees working in commerce and trade.

Our members therefore come from very different areas of the labour market. Efling-union has members in Reykjavík harbour, factory workers (fish and industry factories), unskilled employees in the health sector, public sector workers (garbage collection, public service etc.), transport service, food sector (production and catering service), hotels and restaurants, assistants to skilled craftsmen, etc.

Services provided by Efling

The services provided by Efling can be divided into a few sectors

Our main emphasis is giving information on



collective (wage) agreements that Efling has with employers. Efling has 5 main agreements with employers depending on the sector involved. Along with those agreements we do have some 40 special agreements with companies in different fields. We also give information on employees rights according to law.

Efling offers legal help and consultation to our members. The union offers weekly interviews with our lawyers in our office. The lawyers handle the more difficult cases and disputes with employers. Some of these cases end in court where our lawyers are responsible for the legal handling of matters.

Although the union's most important task is to fight for and defend our members' wages and rights the union also offers many other services to our members.

Sick benefits

Efling- trade union has "sick-relief—fund". The fund pays sick benefits to those members who have fulfilled minimum requirements regarding the fund and are unable to work due to illness. This fund also pays its members part of costs due to various health programs, cancer-inspection etc. Last year some 3.000 members received payments from the fund.

Summerhouses

Efling — trade union has 50 **summerhouses** in most parts of the country and can be rented all year round for a week or for weekends.

Education grants

Efling — trade union also supports our members in their efforts to further their education i.e. if they go to school, take courses in vocational education or if they take hobby courses. We have special programs for our members who take on the responsibility as trade-union representatives in the workplace (shop-stewards). Today Efling has around 260 shop-stewards

Efling has at present cooperation with many educational institutions which can help us develop and run study programs for people with low or no formal education.

Leadership and office

Sigurður Bessason is chairman of Efling trade union. About 25 employees work in the union office in Reykjavík. On the same floor we have STARFSAFL, the educational office of the unions in the Reykjavík area and one of two unemployment offices in the city.

If you need any other information please do not hesitate to call us (tel. 510-7500) or visit us at Sætún 1, 105 Reykjavík. We are situated at just 3 minutes' walk from Hlemmur Bus station in the center of Reykjavík (see map).



Gríptu þína launahækkun!

Mótframlag launagreiðenda í séreignarsjóð hækkaði í janúar

Mótframlag launagreiðenda hefur nú hækkað í 2% af launum og ef þú ert ekki þátttakandi í séreignarsparnaði missir þú af þessum kaupauka. Kynntu þér réttindi þín.

Dæmi miðað við 100.000 kr. laun og 4% framlag launþega:

	2001		1. janúar 2002	
Framlag launþega	4%	4.000 kr.	4%	4.000 kr.
Framlag launagreiðenda	1%	1.000 kr.	2%	2.000 kr.
Framlag ríks	0,4%	400 kr.	0,4%	400 kr.
Samtals í sparnað á mán.		5.400 kr.		6.400 kr.

(Áhrugaðu að þitt framlag er hakið áður en skattur er reiknaður þannig að ef þú greiðir 4.000 kr. í launagreiðslu þá hefur þú borgað laun aðeins um 2.450 kr.)

Það eru fleiri kostir við séreignarsparnað en mótframlögin:

- Sparnaðurinn erlist
- Fjármagnstekju- og eignaskattsfrjálur
- Skerðir ekki barna- og vaxtabætur
- Séreign er varin gegn fjárnámi og gjaldþroti
- Hægt að fá greitt út frá 60 ára aldri
- Meira ráðstöfunarté á eftirlaunaárinum



LÍFEYRISSJÓÐURINN FRAMSÝN

Sæturni 1, sími 515 4700, fax 515 4701,
veffang: www.framsyn.is, netfang: mottaka@framsyn.is



UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI FRAMSÝNAR

Ég undirrituð/aður sækj hér með um aðild að Séreignarsjóði Framsýnar og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Framsýnar telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Framsýnar sem vörsluadila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Framsýnar inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Löggjald sem nemur að hámarki 4% af löggjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifu umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit ef lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónufölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Framsýnar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- | | |
|---|---|
| ☐ Framtíðarsýn 1
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35% | ☐ Framtíðarsýn 2
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20% |
|---|---|

Réttihafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Framsýnar

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Framsýnar, Sættún 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrit af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Trúnaðarmenn

Gróðursetja í Heiðmörk

**Takið frá
25. maí**



Hér er tækifæri til að hittast, kynnst, spjalla saman og vinna gott verk, allt í einni ferð

Margir félagsmenn vita að Efling-stéttarfélag á reit í Heiðmörk sem við höfum verið að gróðursetja í á undanförunum árum. Félagsmenn hafa farið og gróðursett í reitinn og oft komið miklu í verk á stuttum tíma.

Það er ekki mjög stór en engu að síður áhugasamur hópur sem hefur gefið sér tíma til að fara í gróðursetningarferð í Heiðmörkina hverju sinni. En útiveran er góð og gróðursetning er göfug og þeir sem hafa tekið þátt í þessum ferðum hafa farið heim með góðar minningar um skemmtilegan dag. Sérstök ástæða er til að geta barnanna sem hafa verið fjölmenn í þessum ferðum. Þau eru ánægð með sinn hlut og hafa notið þess að vera með. Við viljum njóta landsins og eigum því að stuðla að meiri fegurð þess t.d. með því að gróðursetja tré.

Eins og áður á vorin er fyrirhuguð ferð til gróðursetningar í Heiðmörk. Ákveðið hefur verið að fara í ferðina laugardaginn 25. maí. Allir eru að sjálfsögðu velkomnir en alveg sérstaklega vonust við til að sjá trúnaðarmennina okkar fjölmenna til gróðursetningar að þessu sinni. Hér er tækifæri til að hittast, kynnst, spjalla saman og vinna gott verk, allt í einni ferð.

Við skulum fjölmenna og skila fallegum og gróðursælum Eflingarreit til framtíðarinnar.

Takið daginn 25. maí frá

Smelltu á www.efling.is

**Hefur þú ábuga á að vinna
ERLENDIS?**

Hjá EES-vinnumiðlun getur þú fengið upplýsingar um störf í boði á Evrópska efnahagssvæðinu sem og upplýsingar um atvinnu- og lífsskilyrði í löndunum.

EURES

EES VINNUMIDLUN

Fjardargötu 13-15, 220 Hafnarfjörð
Sími 554 7600 Fax 554 7601, eures@svm.is
www.vinnuafastofnun.is ► EES-Vinnumiðlun

Hvers vegna Holland ?

Því ekki að skella sér með til Hollands, Belgíu og Þýskalands?



Félagsmenn sem fara í ferðina til Hollands í sumar geta átt spennandi daga í ostaborgunum Gouda og Alkmar en þar verður gíst í ferðinni. Í báðum þessum borgum eru haldnir ostamarkaðir samkvæmt gömlum hefðum. Ostagerðin er byggð á gömlum merg og þekkja allir nafnið á Gaudaosti.

Ferðamenn munu heldur ekki að missa af bátsferð um síkin því þannig sjá menn borgir og bæi frá allt öðru sjónarhorni. Í mörgum borgum eru bátsferðir daglega og auðvelt að fá upplýsingar. Lestarkerfi Hollands er frábært og einnig er auðvelt að aka og vegalengdir allar stuttar. Á kvöldin er ólgandi mannlíf og nóg að skoða.

Það er gaman að fara út að borða í Hollandi enda maturinn góður og hér eru fjölmen-

ningarleg veitingahús og gætir þar arfleifðarinnar frá Austur-Indíum tímabilinu því indónesískir veitingastaðir eru víða og þykja þeir afar góðir. Alls konar skelfiskur er mikið borðaður og þykir lostæti. Gott kaffi og vöflur eru líka táknræn fyrir Hollendinga. Ekki má gleyma súkkulaði og súkkulaðiskreytingum.

Nú í ár eru Hollendingar að halda upp á 400 ára afmæli siglinga til Austurlanda og eru víða sérstakar sýningar í tilefni þess.

Í væntanlegri ferð gefst fólki kostur á að kynnst Hollandi og fá ýmsar fróðlegar upplýsingar um land og þjóð.

Því ekki að skella sér með? Enn eru nokkur sæti laus.

Allar upplýsingar veitir Hildur Kjartansdóttir í síma 5107500.

Pierwszomajowe pozdrowienia dla członków związku zawodowego



Drodzy członkowie Efling,

Chcielibyśmy poinformować Was, którzy mieszkacie i pracujecie na Islandii o tym, co wiąże się z dniem pierwszego maja.

Pierwszy maj jest międzynarodowym świętem pracy i na Islandii jest ustawowo dniem wolnym. Powszechnie pracodawcy traktują święto pierwszego maja jako dzień wolny, ale nie dotyczy to osób zatrudnionych w służbie publicznej, czyli w szpitalach, domach opieki, oraz w hotelach czy restauracjach, gdzie pracuje się jak w dzień powszedni.

Oczywiście osoby pracujące pierwszego maja otrzymują wyższą stawkę godzinową lub jest to liczone jako nadgodziny w zależności od umowy. Główna siedziba związku zawodowego Efling od 79 lat organizuje pochód oraz spotkania w centrum Reykjavíku. W tym roku pochód rozpocznie się na Ingólfstorg o godzinie 13:30, a spotkania towarzyszące o godzinie 14:00. Na zakończenie spotkań zapraszamy członków związku na kawę do Kíwanishús, który mieści się przy Engjateigur 11 (105 Rvk).

Związek zawodowy Efling życzy swoim członkom wszystkiego najlepszego z okazji święta pracy.

ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...



**DEKKJA
ÞJÓNUSTA**

ELDSHÖFÐA 6 - SÍMI 567 7850

- Láttu setja sumardekkinn á aukafelgur.
- Það sparar þér umfelgun tvisvar á ári!
- Það fer betur með dekkinn.
- Þú lendir ekki í örtröð dekkjaverkstæðanna.

VERTU HAGSÝNN Í ÁR!

Mikið úrval af góðum notuðum sumardekkjum einnig low profile dekk 16" 17" 18"

Seljum einnig:

- Sólaða hjólbarða
- Nýja hjólbarða

Kynntu þér málið og sparadu útgjöldin. Við gerum þér gott tilboð.

Eigum mikið af notuðum felgum á margar gerðir bifreiða.


Það margborgar sig að eiga dekkinn tilbúin á felgum.






Starfsmenntun skilar betri kjörum


Í síðasta fréttablaði Eflingar fjölluðum við stuttlega um viðhorfsskönnunina meðal félagsmanna sem Efling lét gera í samstarfi við Hlíf og Verkalyðs- og sjómannafélag Keflavíkur. Einnig var könnunin kynnt á félagsfundum Eflingar á dögunum. Hér á eftir fara megin niðurstöður könnunarinnar í myndrænu formi og eins og sjá má eru niðurstöðurnar mjög jákvæðar fyrir félagið. Við erum sannfærð um að við erum á réttri leið í starfi félagsins þó alltaf megi gera betur. Við horfum því glaðbeitt til framtíðar staðráðin í að gera gott stéttarfélag ennþá betra.




Hækkun lægstu launa




89% félagsmanna vilja leggja áherslu á hækkun lægstu launa í kjarasamningum. 83% eru sama sinnis þó slíkt gæti þýtt minni hækkun almennra launa.




Fjárhagsstaða nú og fyrir þremur árum




42% félagsmanna telja fjárhagsstöðu sína betri en fyrir þremur árum. Af þeim 30% sem telja stöðu sína verri í dag en fyrir þrem árum telja rúmlega 52% að ástæðu þess sé að leita í hækkun á vöru og þjónustu á almennum markaði, rúm 15% telja ástæðuna hækkun á opinberri þjónustu en 18% af þessum þriðjungi (þ.e. 6% af heildarfjölda félagsmanna) telja að skýringa á lakari fjárhagsstöðu sé að leita í gerð kjarasamninga.



Námskeið skilar sér í bættem kjörum




85% félagsmanna eru sammála því að fræðsla og námskeið skili betri kjörum og 67% félagsmanna telja sig þurfa á námskeiðum að halda til að þróast áfram í starfi.



Sjúkrasjóður nauðsynlegur

- Sammála
- Ósammála

14% félagsmanna höfðu nýtt sér réttindi sín í sjúkrasjóði félagsins og töldu 99% félagsmanna sjúkrasjóð nauðsynlegan þátt í starfi félagsins.




Á Efling að beita sér í orlofsmálum

- Hlynnt(ur)
- Andvíg(ur)
- Hvorki né

Eins og sjá má er mikill meirihluti félagsmanna (88%) hlynntur því að félagið beiti sér í orlofsmálum.

Þegar spurt var um aðra kosti en uppbyggingu sumarhúsa höfðu 75% áhuga á innleiðingu afsláttarmiða, 18,4% vildu að félagið keypti orlofshús erlendis og 5,8% vildu fjölga tjaldvögnum.




Ánægja með stefnuna í orlofshúsamálum

- Ánægð
- Óánægð
- Hvorki né

Mikill meirihluti, eða 77%, eru ánægð með stefnu félagsins í orlofshúsamálum.


73% þeirra sem sótt höfðu um höfðu fengið úthlutað orlofshúsi eða tjaldvagni.



Krónutöluhækkun eða prósentuhækkun

- Krónutöluhækkun
- Prósentuhækkun

Naumur meirihluti eða 54%, vill heldur sjá krónutöluhækkun frekar en prósentuhækkunir í kjarasamningum.




Pekking á réttindum hjá starfsmenntasjóði




Mikill meirihluti félagsmanna, eða 63% telja sig hafa litla þekkingu á réttindum sínum hjá starfsmenntasjóði félagsins en 28% telja sig hafa góða þekkingu á þeim málum. Einnig kom í ljós að mikill minnihluti hafði nýtt sér rétt sinn hjá starfsmenntasjóði félagsins, eða 26%. 74% höfðu ekki nýtt sér réttindi sín.


Hafa ber í huga að starfsmenntasjóðirnir eru aðeins tveggja ára gamlir.




Áhersla á skattamál í kjarasamningum



Yfirgnæfandi meirihluti, eða 90% félagsmanna, vill leggja áherslu á skattamálin við gerð kjarasamninga




Vinnutímabreyting og húsnæðismál




65% eru hlynnt því að félagið leggi áherslu á vinnutímabreytingu í kjarasamningum, 19% eru því andvíg og 16% tóku ekki afstöðu.


Öllu fleiri vildu leggja áherslu á húsnæðismálin, eða 74%, 14% voru því andvíg og 12% höfðu ekki gert upp hug sinn.



Áhersla á verðlags- og vaxtamál



86% aðspurðra voru fylgjandi auknum áherslum á verðlagsmál við gerð kjarasamninga, 7% voru á móti og 7% tóku ekki afstöðu. Svipuð niðurstaða var uppi á teningnum þegar spurt var um áherslu á vaxtamál. 83% vildu að lögð væri áhersla á vaxtamálin, 9% voru því andvíg og 8% tóku ekki afstöðu.



Þjónusta Eflingar

- Já** 30% félagsmanna hafa nýtt sér einhverja þjónustu félagsins á síðustu 12 mánuðum, þar af voru tæp 90% ánægð eða mjög ánægð með þjónustuna.
- Nei**

Sigurður Bessason

Viðhorfskannanir komnar til að vera




Það eru mikil verðmæti fólgin í upplýsingum sem fram koma í þessari viðhorfskönnun, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar um könnunina. Könnunin hjálpar okkur að meta hvar félagsstjórnin er á réttri leið með sama hætti og ábendingar eru til staðar um hluti þar sem hægt er að gera betur.

Það er víða leitað fanga í upplýsingum í þessari könnun, bæði varðandi fræðslumál, orlofsmál, sjúkrasjóðsmál og ekki síst um það sem snýr beint að félagsmálum.

Það blasir t.d. við að miðað við það hve margir félagsmenn eiga aðgang að tölvum á heimilum sínum, þá liggur beint við að ákveða að bjóða áfram uppá ódýr tölvunámskeið fyrir félagsmenn. Með sama hætti er að finna leiðbeinandi svör varðandi orlofsmál félagsins hjá þeim 25% félagsmanna sem kalla eftir öðrum valkostum en hefðbundnum orlofshúsum s.s. afsláttarmiða vegna ferðalaga, hóteltistinga o.fl.

Ég tel að þessi könnun sé um margt mjög jákvæð fyrir félagið og er sannarlega hvati til þess að vinna ennþá betur að þessum málum. Viðhorfskannanir meðal félagsmann eru komnar til að vera.



Hversu margir lesa fréttablað Eflingar


- Já** Mikill meirihluti félagsmanna segist lesa fréttablað félagsins reglulega eða 67%.
- Nei**



Þóra Ásgeirsdóttir hjá Gallup Nú eru breyttir tímar

Nútímaþjóðfélag hefur nokkuð breyst síðustu misserin. Áður fyrr var t.d. fundarsókn hjá félagsamtökum mun almennari en hún er í dag sem þýddi að forystan hafði góða yfirsýn yfir vilja félagsmanna. Nú eru breyttir tímar og því er mikilvægt fyrir forystu félagsamtaka

að kanna vilja félagsmanna reglulega og sjá þannig hver eru viðhorf og hverjar væntingar félagsmanna eru hverju sinni til þeirra þátta sem lúta að starfsemi félagsins. Ég tel að sú könnun sem við gerðum nýlega fyrir Eflingu muni nýtast vel í áframhaldandi vinnu starfsfólks Eflingar fyrir félagana. Í henni er spurt um marga þætti sem snúa að starfseminni og því er um ítarlega og vandaða rannsókn að ræða sem endurspeglar vel væntingar og viðhorf Eflingarfélaga.



Notkun á heimasíðu félagsins

- Já** Þrátt fyrir að 82% félagsmanna segist hafa aðgang að tölvu áheimili sínu og 86% þeirra með nettengingu, segjast einungis 4% fara reglulega inn á heimasíðu félagsins.
- Nei**



14 nemendur útskrifuðust úr Grunnmenntaskólanum þann 12. apríl sl. Hér eru nemendur með kennurum sínum framkvæmdastjóra MFA við útskriftina.

Grunnmenntaskólanum slitið

- 14 Eflingarfélagar útskrifast eftir 300 stunda nám

Í síðasta fréttablaði Eflingar sögðum við frá Grunnmenntaskólanum sem 14 Eflingarfélagar hafa stundað nám í nú í vetur. Um er að ræða 300 stunda almennt nám þar sem lögð er áhersla á tungumálanám, tölvunám, íslensku,

stærðfræði og ýmsa verkefnavinnu. Þá var einnig tekið á þáttum eins og samskiptum, sjálfstyrkingu og þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum. Mikil ánægja er með þetta nám eins og fram hefur komið í viðtölum við nemendur hér í blaðinu.

Námið var bæði styrkt af menntamálaráðuneytinu og þeim fræðslusjóðum sem Efling - stéttarfélag á aðild að og samið var um í síðustu kjarasamningum. En án þessara fræðslusjóða hefði ekki verið hægt að standa að svo umfangsmiklu og metnaðarfullu námi. Menningar- og fræðslusamband alþýðu sá um alla umsýslu við námið en hugmyndafræði þess er



Menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich ávarpaði nemendur við útskriftina

Um er að ræða 300 stunda almennt nám þar sem lögð er áhersla á tungumálanám, tölvunám, íslensku, stærðfræði og ýmsa verkefnavinnu





Anna Sigurðardóttir kennari afhenti Áslaugu Óskarsdóttur, nemanda Grunnmenntaskólans, skólaskírteini

byggð á MFA skólanum sem hefur verið rekinn fyrir atvinnulausa frá árinu 1993.

Efling - stéttarfélag hélt nemum útskriftarhóf föstudaginn 12. apríl og þar kom m.a. fram hjá Sigurði Bessasyni formanni Eflingar að menntun og aukni þekking félagsmanna væri undirstaða þess að stéttarfélög gætu starfað af krafti og náð árangri. Þá benti Sigurður á að í nýlegri viðhorfskönnun félagsins meðal félagsmanna kom fram að yfirgnæfandi meirihluti félagsmanna teldi að aukin menntun væri lykill að betri kjörum og stöðu á vinnumarkaði. Einnig tiltók Sigurður að félagsmenn hefðu verið sammála því að símenntunar væri forsenda þess að þróast áfram í núverandi starfi.

Stefnt er að því að fara aftur af stað með Grunnmenntaskólann næsta haust og verður gerð nánari grein fyrir því í haustblaði félagsins.

Meðfylgjandi myndir eru frá útskriftarhófinu þar sem menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich var viðstaddur.

Smelltu á www.efling.is



Heyrumst

*Vignir verkalgjðsforingi
vissi ekki af Extón
Þess vegna á hann mjög erfitt
með að ná til fólksins*

EXTON

Skiphólt 11-13
105 Reykjavík
Sími-hljóðleiga
552 8083
Sími-ljósaleiga
551 2555
Fax: 562 6490
Netfang: exton@exton.is
www.exton.is

EXTON hljóðleiga



Unnur við störf hjá Orkuveitunni

Sjóuð að vinna með karlmönnum og langar að læra svæðanudd

-segir Unnur L. Hallsdóttir hjá Orkuveitunni

Það vakti athygli við útskrift jarðlagnatækna fyrir skömmu að kona var í hópnum. Það hefur ekki gerst áður að kona hafi tekið þátt í námskeiðunum um jarðlagnatækni og Unnur L. Hallsdóttir sem starfar hjá Orkuveitu Reykjavíkur er fyrsta konan sem útskrifast úr þessu námi. Við tókum Unni tali eftir útskriftina og spurðum hana fyrst hvernig henni það hefði komið til að hún fór í þetta nám. Hún byrjaði á því að lýsa aðstæðum í starfi sínu hjá Orkuveitunni.

Ég byrjaði að vinna hjá Orkuveitunni fyrir tveim árum við að leggja heitavatnslagnir. Síðan fór ég í rafmagnið en er núna í kalda vatninu. Vinnan fellst í að endurnýja gamlar kaldavatnslagnir og leggja nýlagnir og gera við bilanir. Við erum oft að vinna í skurðum í miðri götu sem eru hátt í tveir metrar á dýpt. Og vegna þess að eldri lagnir liggja oft mjög djúpt með klóakinu geta aðstæður orðið mjög erfiðar og mikið vatn og drulla sem þvælist fyrir manni.

En ástæðan fyrir því að ég fór á námskeiðið var að Orkuveitan ákvað að senda átta manns á námskeiðið og leituðu meðal annars til mín.

Hvað er námskeiðið langt og hvernig var það uppbyggt?

Það tók sex vikur og kennslustundur urðu 300 alls. Fyrst var farið í upprifjun í stærðfræði og íslensku svo fengum við að kynnst tölum og ýmsu öðru. Síðan var verklegt nám og þá var m.a. farið í vinnustaðaheimsóknir til Símanans og á Reykjalund þar sem plaströr eru framleidd fyrir Orkuveituna. Þar fengum við að prófa að plastsjóða og fylgdust svo með hvernig plastið er búið til.

Í lok námskeiðisins var þátttakendum skipt í þrjá hópa sem fengu það verkefni að staðsetja bilun á heitavatnslögn við hús á Laugavegi og laga hana. Nánast samtímis bilaði kaldavatnslögnin og síðan skolplögn og áttum við að láta eins og við værum á staðnum og leysa úr þessu eftir bestu getu og forða því að vatnið mengaðist af skolpinu. Þetta var mjög krefjandi verkefni og okkur tókst ágætlega að leysa það.

Hvernig gengu samskiptin við strákana?

Ég er orðin svo sjóuð að vinna eingöngu með karlmönnum að það gekk mjög vel en samt hefði verið skemmtilegt að hafa fleiri konur í hópnum.

Stefnirðu á frekara nám í framtíðinni?

Já, mig langar að læra svæðanudd.

Á námskeiði um jarðmælingar

Mjög mikið gagn

segir Karl Helgi Jónsson



Karl Helgi Jónsson hefur unnið við gatna-gerð hjá Háfelli verktökum síðastliðin fjögur ár og er núna verkstjóri. Hann sagði að jarðmælinganámskeiðið hefði byrjað með fyrirlestrum um ýmis jarðefni og flokkun þeirra t.d. í grús, sand, leir og fleira.

Eftir hádegjið vorum við mikið í bóklegu til að undirbúa okkur fyrir verklega þáttinn sem fólst í æfingum við allskonar mælingar úti undir beru lofti og ýmsar aðrar upprifjanir sem hafa verið mjög gagnlegar.

Við lærðum heilmikið um þjöppun ýmissa jarðefna sem eru notuð sem undirlag í vegi, húsgrunna o.fl og að reikna út hvaða rakastig er best við þjöppun á mismunandi efnum.

Pannig að ég er búinn að læra margt um jarðveginn sem ég vissi ekki áður og það sem hefur kannski komið mér mest á óvart er hvað jarðskorpan undir okkur hefur gliðnað mikið. Það er talað um að hún breikki um 2 sentimetra á ári.

Einnig er gaman að hafa séð hvernig GSP-mælingar með gervihnöttum virka. En þá erum við með mælitæki hérna niðri og stimplum inn upplýsingar og fáum síðan svör í móðurtölvu sem segir okkur hvar við eigum t.d. að gera götu, göngustíg eða húsgrunn.

Mér finnst ég hafa haft mjög mikið gagn af þessu námskeiði og vil hvetja Eflingu til að halda áfram á sömu braut og gefa félögum sínum kost á að fara á uppbyggileg námskeið á sem flestum starfssviðum.

Menntafélag Byggingariðnaðarins stóð fyrir námskeiðinu í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag.



Smelltu á www.efling.is

Útskrift starfsfólks í umönnun á Fagnámskeiði II

Fríður hópur á útskriftardegi



Myndarlegur hópur sem útskrifaðist af Fagnámskeiði II



Við útskrift á námskeiðinu. Guðrún Halldórsdóttir skólastjóri óskar Pawel Tadeusz Kowalczyk til hamingju með þennan áfanga. Pawel er frá Póllandi og hefur starfað á Hrafnistu síðastliðin tvö ár. Þess má geta að Pawel er dýralæknir að mennt. Sigurlaug Gröndal frá Eflingu var viðstödd útskriftina.

Dagana 11. febrúar til 20. mars var haldið Fagnámskeið II fyrir félagsmenn í Eflingu sem starfa við umönnun aldraðra, þroskaheftra, fatlaðra og geðsjúkra. Námskeiðið sátu 35 manns frá flestum umönnunarstofnunum á höfuðborgarsvæðinu.

Þessa daga var oft kátt á hjalla upp í Mjódd enda var þetta afar samstilltur og skemmtilegur hópur. Hefur hópurinn meðal annars ákveð-

Þessa daga var oft kátt á hjalla upp í Mjódd enda var þetta afar samstilltur og skemmtilegur hópur





Guðrún Halldórsdóttir þakkar yndislegar stundir með stórum blómavendi. Kristín Gréta Adolfsdóttir, starfsmaður á Skúlagötu 40, afhenti henni blómin.

Þekkingar á mannlífinu, dýrmæti hverrar manneskju og miðlar óspart nemendum sínum úr þekkingarbrunni sínum. Voru henni færðar sérstakar þakkir frá hópnum.

ið að hittast áfram og við námskeiðsslit flugu á milli miðar með símanúmerum hópsins.

Í hópnum var einn karlmaður í öllum kvennafansinum. Hann heitir Pawel Tadeusz Kowalczyk og starfar hann við umönnun aldraðra á Hrafnistu í Reykjavík og hefur gert það síðastliðin tvö ár. Pawel er frá Póllandi og talar afar góða íslensku. Að sögn annarra nemenda var honum í mun að tala rétt mál og hafði meðferðis orðabók til þess og óskaði eindregið eftir leiðréttingu frá samnemendum sínum ef ske kynni að hann bæri ekki orðin rétt fram. Þess má geta að Pawel er dýralæknir að mennt og vinnur að því að fá starfsleyfi á Íslandi.

Við útskriftina ræddi Guðrún Halldórsdóttir, skólastjóri Námsflokkanna, um mikilvægi þess starfs sem umönnun væri. Guðrún er brunnur

≡ HÉÐINN ≡
1922 80 2002

Heildarlausnir

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Frá hugmynd að fullunnu verki

≡ HÉÐINN ≡

Stórsíð 6 • 15-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Pegar verkalyðsfélögin beygðu Ford

- eftir Ásgeir Jónsson, hagfræðing



Undir lok síðustu nítjándu aldar voru ýmsir farnir að fíkra sig áfram með þróun hestlausra vagna. Það voru tveir þjóðverjar, Benz og Daimler, sem áttu heiðurinn að því að finna upp fyrsta bílinn árið 1885, en á svipuðum tíma var fátækur sonur írskra innflytjenda, Henry Ford að nafni, að þreifa sig áfram með bíla-smíði í Detroit í Bandaríkjunum. Eftir þrotlausar tilraunir náði hann að hanna metsölubíl árið 1908, sem kallaðist Módel T. En Ford lét ekki þar við sitja.

Í byrjun tuttugustu aldar var bílaframleiðsla með sama hætti og hús eru byggð nú. Hver bíll stóð kyrr á verksmíðjugólfi með verkamenn í kring sem skrúfuðu saman þá 5000 parta sem þurfti til þess að mynda einn Módel T. Ford vildi hraða framleiðslunni. Hann fylgdist slátrun og kjötpökkun og fékk eitursnjalla hugmynd – að setja bílana á færibönd. Markmiðið var einfalt, að lágmarka hreyfingar verkamanna við samsetningu bílanna og gera hvert verk að föstu auðveldu handtaki. Þetta heppnaðist með því að láta bílana sigla í gegnum verksmíðjuna á flæðilínunum og í réttri hæð fyrir verkamennina sem hver um sig hafði aðeins eitt verk á sinni könnu.

Föðurleg umhyggja

Ford náði miklu samkeppnisforskoti og jók umsvif sín gífurlega. En verkamönnum leiddist að endurtaka sama handtakið án afláts og án tilbreytingar. Þess vegna entist hver maður

aðeins 12-14 vikur að jafnaði eftir að flæðilínan var tekin í notkun árið 1913. Ford brást við þessu með því að dreifa hagnaðinum meðal starfsmanna. Í ársbyrjun 1914 ákvað hann upp á sitt einsdæmi að stytta vinnutímann frá 9 stundum niður í 8 og tvöfalda daglaunin. Þannig fækkaði uppsögnum um 96% næstu tvö ár. Hann hóf að einnig að ráða fólk í vinnu sem önnur fyrirtæki fúlsuðu við, s.s. blökkumenn, fatlaða og fyrrverandi fanga. (Fyrrverandi vændiskonur sáu um bókhaldið en var haldið vel fjarri auglýsning verkamanna.) Þannig reis Ford gegn tíðarandanum með því að mismuna fólki ekki í starfskjörum – og það var ábata-samt. Hann fékk starfsmenn sem héldu tryggð við hann í gegnum þykkt og þunnt – enda gátu þeir ekki leitað annað. Starf við flæðilínurnar krafðist lítillar hreyfingar og þess vegna gátu fatlaðir hæglega skilað sömu afköstum og aðrir. Um 1919 voru t.d. um 20% af verkamönnum hans fatlaðir og þeir mynduðu traustan kjarna í fyrirtækinu.

Ford bar að nokkru leyti föðurlega umhyggju fyrir starfsmönnum sínum og vildi þeim vel – en var jafnframt gífurlega ráðríkur um þeirra hagi. Þeir einir gátu fengið launahækkun

Ford lét skoða heimili verkamannanna hátt og lágt. Aðeins þeir með hrein heimili og hreint siðferði fengu hækkun

sem voru kvæntir og reglusamir fjölskyldumenn – aðrir myndu líklega aðeins sóa peningunum. Ford lét skoða heimili verkamannanna hátt og lágt. Aðeins þeir með hrein heimili og hreint siðferði fengu hækkun. Ford bannaði einnig reykingar, sem spilltu siðferði fólks að hans áliti. Hann hafði nefnilega veitt því athygli að glæpamenn voru alla jafna keðjureykingamenn. Þessi föðurlega hugsun Fords og ráðríki skýrir líklega að miklu leyti af hverju honum var svo illa við að starfsmenn hans væru í verkalyðsfélögum.

Umhyggja snýst upp í ofbeldi

Ford stofnaði þjónustudeild við verksmiðjunum til þess að berjast á móti uppgangi verkalyðsfélaga eftir 1930. Þjónustudeildinni var stjórnað af léttvigtarboxara, Harry Bennett að nafni. Sá var fljótur til þess að breyta henni í hálfgerðan einkaher sem taldi 3-6000 menn og hafði strangur gætur á verkamönnum. Harry þessi gat varla talist neitt annað en glæpamaður og fékk sér félagsskap við hæfi. Hin háleita stefna að ráða fyrrverandi fanga snerist nú þannig að Harry réði þrjóta beint úr fangelsi til þess að halda uppi aga á vinnustað. Þjónustudeildin hélt uppi öflugu njónsnakerfi til þess að koma uppi um þá og reka sem gerðu sér dælt við verkalyðsfélög. Hins vegar tóku önnur bílafyrirtæki að láta undan. Árið 1937 gengu bæði Chrysler og General Motors til samninga við verkalyðsfélög í sínum verksmiðjum. Ford stóð því einn eftir. En nú tók róðurinn að herðast. Þjónustudeildin gerðist ærið ofbeldisfull og tók að berja verkamenn til óbóta á vinnustað og ræna kunnum verkalyðssinum og misþyrma á fáförnum stöðum. Ýmsum þótti Harry Bennett ganga heldur langt í fantaskap og aðferðir hans sköpuðu mikið hatur meðal verkamanna. Brátt kom að því að upp úr sauð.

Vinnustöðvun

Árið 1941 lögðu 50.000 verkamenn niður vinnu í Ford verksmiðjunum. Blökkumenn voru þó enn hliðhollir Ford og unnu áfram, en framleiðslan var stöðvuð með vegatálmum. Þjónustudeildin bjóst til átaka og kom fyrir hríðskotabyssum á húspökum, en svartir verkamenn voru vopnaðir með járnstöngum og hnífum og sendir út til þess að ráðast gegn verkfallsmönnum. Fimmtíu verkfallsverðir voru bráðlega fluttir á sjúkrahús alvarlega meiddir. Harry Bennett stjórnaði aðgerðum og vildi ólmur koma af stað átökum sem væru svo blóðug að herinn yrði að skerast í leikinn og leysa verkfallið upp. Henry Ford var þá um áttræður að aldri og sagðist frekar skyldu hætta bílaframleiðslu en gefa eftir. En málin leystust eftir 10 daga þegar kona Fords hótaði því að fara frá honum ef hann gæfi ekki eftir, sem hann og gerði. Verkalyðsfélög hafa síðan starfað í Ford verksmiðjunum.



Eftirmáli

Nokkuð hefur verið gert úr því að Harry Bennett hafi fæðst föðurlaus og hafi tekið Henry Ford sér í föður stað, en kært var á milli þeirra tveggja. Ford átti aðeins einn son, Edsel, sem átti að heita forstjóri fyrirtækisins. Edsel var taugaóstyrkur mjög og átti það til að kasta upp ef hann komst í hugaræsing. Föður hans fannst hann vera kveif á flestan máta og óð yfirleitt yfir hann. Harry Bennett hataðist við Edsel, reyndi að gera lítið úr honum og ónáða á allar lundir. Edsel dó aðeins fimmtugur árið 1943 og var álagi kennt um. Ekkja hans virtist þó vera gerð úr harðara efni en maður hennar. Árið 1945 stillti hún Ford gamla upp við vegg og sagðist myndi selja öll hlutabréf sín (42% af heildarvirði) í fyrirtækinu ef hann segði ekki af sér og léti barnabarni sínu, Henry Ford II, eftir forstjórastólinn. Ford lét undan og andaðist reyndar tveimur árum seinna. Það var síðan fyrsta verk Henry Fords númer tvö að reka Harry Bennett og rúmlega 1000 þjónustudeildarmenn. Ford yngri varð síðan virtur iðjuhöldur og stjórnaði fyrirtækinu í rúm 40 ár og átti yfirleitt góð samskipti við verkalyðsfélög á þeim tíma.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga

Lágmúla 9, 108 Reykjavík
Sími 568 6099 - Fax 568 6299



Efling og Mímir-Tómstundaskólinn

Sumarnámskeið fyrir börn

Efling-stéttarfélag mun í samvinnu við Mími-Tómstundaskólann bjóða upp á þá nýbreytni í sumar að efna til námskeiða fyrir börn félagsmanna sinna. Námskeiðin eru hugsuð sem tilraun í sumar og standa um þriggja vikna skeið í júní nk. Börnin geta valið um að vera fyrir eða eftir hádegi og milli eftirtalinna námskeiða. Mörg sumarnámskeið fyrir börn þykja dýr í dag og er það ætlun félagsins að taka þátt í kostnaði við námskeiðin og koma þannig til móts við félagsmenn með ódýrari en um leið góðu fræðslustarfi fyrir börn félagsmanna. Efling byggir í þessu efni á reynslu Mímis-Tómstundaskólans sem í mörg ár hefur rekið námskeið fyrir börn með góðum árangri. Námskeiðin verða haldin í húsnæði Eflingar við Sætún en skráning og skipulag verður allt á hendi Mímis-Tómstundaskólans.

Námskeið í boði

Enska, spænska, leiklist og myndlist verða í boði.

Aldur

Námskeiðin eru ætluð 6-11 ára börnum og skipt er í hópa eftir aldri. Miðað er við 10-12 nemendur í hóp.

Fræðsla, skemmtun og útivist

Námskeiðin eru fjölbreytt, þar sem fléttað er saman fræðslu og skemmtun.

Útivist og vettvangsferðir eru einnig hluti af námskeiðunum.

Hvert námskeið er 20 kennslustundir og stendur yfir í eina viku. Kennt er frá kl. 9-12 og/eða kl. 13-16.

Hvenær verða námskeiðin haldin?

Námskeiðin verða haldin vikurnar

10.-14. júní,

18.-21. júní (4 dagar)

24.-28. júní.

Hvað kosta námskeiðin?

Hvert 20 stunda námskeið kostar kr 4500 krónur.

Skráning fer fram hjá Mími-Tómstundaskólunum, s. 5887222 eða á mimir.is.

Skilyrði þátttöku

Þátttaka á námskeiðunum er bundin því að foreldri viðkomandi barns sé félagsmaður í Eflingu. Einungis foreldrar geta skráð börn sín.

Mikilvægt að hvetja fólk til að ganga í félagið

Í Eflingu-stéttarfélagi er talsvert um að starfsmenn á vinnustöðum greiði í Eflingu en hafi ekki gengið frá félagsaðild. Samkvæmt lögum félagsins þarf að undirrita inntökubeiðni í félagið og koma henni til skrifstofu félagsins til að verða félagsmaður. Þeir sem helst hafa yfirsýn yfir þetta úti á vinnustöðum eru trúnaðarmenn félagsins og síðast en ekki síst sjálfir félagsmenn Eflingar. Mikilvægt er þeir séu meðvitaðir um þessi mál og hvetji alla þá sem ekki eru félagsmenn en vinna eftir kjarasamningum félagsins til að gerast félagsmenn í Eflingu.

Af hverju félagsmaður?

Það gætir stundum ákveðinnar tregðu og tömlætis hjá fólki við því að gerast félagsmenn í stéttarfélaginu. Rétt er að benda á bæði þá miklu þjónustu sem félagsmenn eiga kost á auk þess að vera kjörgengur og hafa atkvæðisrétt varðandi samningamál og trúnaðarstöður í stéttarfélaginu.

Nokkur réttindi viljum við nefna til að minna á þetta.

- Greiðslur úr sjúkrasjóði – allt að 150 daga og 150 daga til viðbótar í alvarlegum veikindum.
- Greiðslur vegna sjúkraþjálfunar
- Fæðingarstyrkur
- Námsstyrkir
- Styrkir vegna krabbameinsskoðunar
- Dvöl í orlofshúsum eða leiga á tjaldvögunum
- Lögfræðileg aðstoð og framtalsaðstoð
- Félagsblað sex sinnum á ári og dagbók félagsins.

Hvetjum því alla sem ekki eru í félaginu til að gerast félagsmenn í Eflingu. Munið að það þarf að ganga frá skriflegri inntökubeiðni til að verða félagsmaður. Hægt er að fá eyðublöðin á skrifstofu Eflingar eða koma á skrifstofuna að Sætúni 1. Einnig er hægt að senda inntökubeiðni á faxi.

Munum að stærð er styrkur.

Smelltu á www.efling.is

Orlofsuppbót

Efling-stéttarfélag minnir félagsmenn sína á að nú fer að líða að greiðslu orlofsuppbótar.

Orlofsuppbót er ekki orlof heldur eingreiðsla sem skal greiða starfsmönnum, og er misjöfn eftir starfstíma og vinnustað.

Leitið upplýsinga og hringið í félagið í síma 510-7500

Námskeið lönæknistofnunar opna þér möguleika

Vinnuvélar
rættindanámskeið fyrir vinnuvélstjóra

Rannsóknarmenn
starfsnám til aðstoðarstarfa á rannsóknastofum

Verkstjórar
námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjóra

Kynning og framsögn
árangursríkt fyrir alla sem þurfa að koma fram

Samningatækni
fyrir alla sem þurfa að standa fyrir máli sínu

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja
fyrir þá sem hafa viðskiptahugmynd

Umsjónarmenn fasteigna
starfsnám fyrir starfandi og verðandi umsjónarmenn

Nánari upplýsingar í sínum **570 7100, 570 7289** og á vefsíðu okkar **www.iti.is** um þetta og margt fleira

NÁM
SKEIÐ

lönæknistofnun

Námskeið um tryggingar og lífeyrissjóði



Nokkrir trúnaðarmenn Eflingar, sem tóku þátt í framhaldsnámskeiði um tryggingar og lífeyrissjóði fá sér kaffi og meðlæti að námskeiði loknu með Hauki Harðarsyni frá MFA.

Sendum félagsmönnum Eflingar - stéttarfélags heillaóskir í tilefni af 1. maí alþjóðlegum baráttudegi verkafólks.

Afl, Starfsgreinafélag Austurlands
Akureyrarbær
Alþýðusamband Vestfjarða
Arnarneshreppur
Bífreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf. Smiðjuvegi 14, Kópavogi
Björgun ehf. Sævarhöfða 33, Reykjavík
Borgarbyggð
Ceres ehf. Nýbýlavegi 12, Kópavogi
Djúpárhreppur
Drifandi stéttarfélag, Vestmannaeyjum
E.T. verslun ehf. Klettagörðum 11, Reykjavík
Eining - Iðja, Akureyri
Endurskoðendur ehf. Þórsgötu 2b, Reykjavík
Endurvinnslan hf. Knarrarvogi 4, Reykjavík
Falleg gólf ehf. Nesbala 25, Seltjarnarnesi
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Félag byggingariðnaðarmanna, Hafnarfirði
Félag leiðsögumanna
Félag málmíðnaðarmanna, Akureyri
Félagsstofnun stúdenta, v/Hringbraut, Reykjavík
Fiskidjúsamslag Húsavíkur hf. Garðarsbraut 14, Húsavík
Garðabær
Gaulverjabæjarhreppur
Glertækni ehf. Grænumýri 3, Mosfellsbæ
Grund, elli- og hjúkrunarheimli, Hringbraut 50, Reykjavík
Haki ehf. Piljuvöllum 10, Neskaupstað
Haraldur Böðvarsson hf. Bárugötu 8-10, Akranesi
Hótel Hvolsvöllur, Hlíðarvegi 7, Hvolsvelli
Hreint ehf. Auðbrekku 8, Kópavogi
Höldur / Bílaleiga Akureyrar, Skeifunni 9, Reykjavík
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf. Bíldshöfða 12, Reykjavík
Járnbending ehf. Bæjarlind 4, Kópavogi
Kópavogsbær
Landssamband íslenskra verslunarmanna
Landssamband lögreglumanna
Lífeyrissjóður vestfirðinga, Brunn götu 7, Ísafirði
Malbikunarstöðin Hlaðbær - Colas hf. Hringhellu 6, Hafnarfirði

Marel hf. Höfðabakka 9, Reykjavík
Málarafélag Reykjavíkur
Mjólkurfræðingafélag Íslands
Mjöll ehf. Fosshálsi 3, Reykjavík
Ottó B. Arnar ehf. Ármúla 29, Reykjavík
Rafvirkjafélag Norðurlands
Reykjavíkurhöfn
Seltjarnarneskaupstaður
Sjómann- og vélstjórafélag Grindavíkur
Sjómanna- og Ólafsfjarðar
Sjómannasamband Íslands
Sjómannfélagið Jötunn, Vestmannaeyjum
Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf. Höfða 2, Húsavík
Skjól, hjúkrunarheimili, Kleppsvegi 64, Reykjavík
Smur- bón- og dekkjaþjónustan sf. Sætúni 4, Reykjavík
Sveinafélag málmíðnaðarmanna, Akranesi
Verkalýðs- og sjómanna- og Bolungarvíkur
Verkalýðs- og sjómannafélagið Bjarmi, Stokkseyri
Verkalýðsfélag Akraness
Verkalýðsfélag Borgarness
Verkalýðsfélag Patreksfjarðar
Verkalýðsfélag Raufarhafnar
Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar
Verkalýðsfélag Stykkishólms
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verkalýðsfélagið Bára - Þór, Selfossi
Verkalýðsfélagið Boðinn, Hveragerði
Verkalýðsfélagið Hlíf, Hafnarfirði
Verkalýðsfélagið Hörður, Melasveit
Verkalýðsfélagið Rangæingur, Hellu
Verkalýðsfélagið Vaka, Siglufirði
Verkstjórassamband Íslands
Verslunarmannafélag Austurlands
Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar
Verslunarmannafélag Suðurlands
Vökull, stéttarfélag, Höfn



Frissi fríski

er búinn til úr
náttúrulegum hráefnum
án allra aukaefna.

Hann fæst nú í handhægum
250ml fernum sem henta
fyrir leik og starf.



...frískandi og svalandi

Ekki allt sem sýnist við breytingar á félagsaðild

Varið ykkur á gylliboðum

- eftir Láru V. Júlíusdóttur, hrl.

Á undanförnum árum hefur borið á því að félög opinberra starfsmanna hafi reynt að fá almenna starfsmenn heilbrigðisstofnana og leikskóla til að flytja sig á milli stéttarfélaga, fara úr verkalyðsfélagi yfir í félag opinberra starfsmanna. Um þetta hefur verið tekist á fyrir dómstólum og eru til nokkrir eldri dómar. Nýtt tilefni hefur gefið Láru V. Júlíusdóttur, lögmanni Eflingar til að fjalla um málið hér í blaðinu og fer grein hennar um þetta efni hér á eftir.

Eftir breytingu á stjórnarskránni 1995 þar sem ákvæðinu um félagaafrelsi var breytt, hefur Félagsdómur talið að atvinnurekendur geti ekki komið í veg fyrir flutning starfsmanna milli stéttarfélaga, svo framarlega sem ýmsum almennum skilyrðum að öðru leyti hefur verið fullnægt. Hefur þetta valdið því að þrýstingur hefur aukist á einstaka hópa að flytja sig til úr einu félagi yfir í annað, þá almennt undir þeim formerkjum að með flutningnum muni kjör hópsins batna.

Óþarft er að taka fram að kjarasamningar Eflingar kveða á um lágmarkskjör, og atvinnurekendum er í sjálfsvald sett að greiða starfsmönnum sínum hærri laun en þar er samið um. Því á flutningur á milli félaga ekki að þurfa að vera afsökun eða ástæða fyrir því að hægt sé að greiða starfsmönnum hærri laun. Geti atvinnurekandi greitt fólki hærri laun í öðru félagi fyrir sömu störf, hlýtur hann að geta greitt fólkinu þessi hærri laun án félagaskiptanna. Atvinnurekanda er óheimilt að skipta sér af félagsaðild starfsmanna sinna og á ekki að hafa áhrif á hana með launahækkunum.

Gleymt að huga að réttindum

Á síðastliðnu ári gerðist það að nokkur hópur fólks í starfi hjá tiltekinni heilbrigðisstofnun flutti sig úr Eflingu yfir í tiltekið félag opinberra starfsmanna. Við það hækkuðu laun þessa fólks um nokkur þúsund krónur á mánuði.

Það sem nú hefur komið í ljós er það að við þessi félagaskipti gleymdist að huga að áunnum réttindum starfsfólksins, hvernig færi með veikindaréttinn, uppsagnarréttinn og þau rétt-



Lára V. Júlíusdóttir, hrl.

indi önnur sem tengjast starfsaldri. Ekki var um þessi atriði samið við atvinnurekandann eða frá þessum málum gengið með neinum hætti.

Starfsmaður lendir í slysi

Einn þessara starfsmanna, sem hefur starfað hjá stofnuninni í hátt á annan áratug, lenti skömmu seinna í slysi á leið heim til sín úr vinnu og hefur verið óvinnufær síðan. Nú vill svo til að þegar reikna á út veikindarétt starfsmannsins er einungis reiknaður veikindaréttur starfsmannsins frá þeim tíma að hann flutti sig yfir í starfsmannafélagið. Litið er fram hjá öllum þeim tíma sem starfsmaðurinn hafði áunn- ið sér veikindarétt hjá atvinnurekandanum og vísað til þess að samkvæmt kjarasamningum þessa félags eigi réttur að miðast við þann tíma er starfsmaðurinn gekk í nýja félagið, því í kjarasamningi þar segir: „Við mat á ávinnslu- rétti starfsmanns skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignastofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannfé, enda er átt við starfstíma á kjörum skv. lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.“

Þetta ákvæði túlkar atvinnurekandi þannig að starfsaldur starfsmannsins fram til þess að hann flutti sig yfir í nýja félagið skipti bara engu máli. Undir þessi sjónarmið tekur starfsmannafélagið. Er þetta gert þrátt fyrir að lög nr. 19/1979 kveði á um lágmarksrétt á vinnu- markaði. Þessi starfsmaður er því þannig settur í dag að hann er óvinnufær heima og launalaus, er synjað um leiðréttingu af hálfu atvinnurekandans og nýtur ekki stuðnings félagsins síns til að ná fram frekari rétti í stöðunni.

Í ljósi þessa dæmis er full ástæða til að vara fólki við að hlaupa til og flytja sig milli félaga. Kapp er best með forsjá og ekki allt gull sem glóir. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga þegar gylliboðin verða á vegi manna.

Reykjavík, 4. apríl 2002. Lára V. Júlíusdóttir hrl.

Þessi starfsmaður er því þannig settur í dag að hann er óvinnufær heima og launalaus, er synjað um leiðréttingu af hálfu atvinnurekandans og nýtur ekki stuðnings félagsins síns til að ná fram frekari rétti í stöðunni



Það borgar sig að hefja séreignarsparnað sama á hvaða aldri viðkomandi er ef

Fólk vill tryggja fjárhagslega afkomu sína

- segir Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ

Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarna mánuði um séreignarsparnað og ljóst að launafólk þarf að íhuga mjög vel hvar það ákveður að setja þetta form sparnaðar. Fram hefur komið að allt að 6-8 mánaða iðgjöld hafa farið í kostnað hjá ákveðnum sjóðum en hjá öðrum sjóðum er kostnaður lítill eða jafnvel enginn. Fréttablað Eflingar ræddi af þessu tilefni við Tryggva Þór Herbertsson, forstöðumann Hagfræðistofnunar Háskólans og spurði hann nokkurra spurninga um séreignarsparnaðinn. Tryggvi var fyrst spurður hvort hann teldi það almennt hagkvæmt fyrir launafólk að taka þátt í viðbótarlífeyrissparnaði og af hverju.

Já, vegna mótframlags atvinnurekanda er mjög hagstætt að taka þátt viðbótarlífeyrissparnaði jafnframt því sem þannig er hægt að fresta skattlagningu hluta tekna.

Eru til önnur frjáls sparnaðarform fyrir launþega, sem eru jafn hagstæð eða jafnvel hagstæðari, eins og t.d. söfnunarlífeyrstryggingar?

Nei, ekki sem stendur. Söfnunarlífeyrstryggingar bjóða t.d. ekki upp á sama skattalega hagræði auk þess sem ekki er hægt að fá mótframlag frá atvinnurekanda vegna þeirra.

Hvað ber aðallega að hafa í huga þegar launþegi velur fjárvörsluaðila til að sjá um lífeyrissparnaðinn?

Að velja traustan aðila og að huga vel að þeim kostnaði sem fjárvörsluaðili innheimtir.

Getur verið mikill munur á þeim kostnaði sem launþeginn þarf að greiða fjárvörsluaðilum?

Já, mjög mikill og sennilega á hann eftir að fara vaxandi.

Stundum heyrir sagt frá þeim sem eldri eru að það taki því ekki að byrja séreignarsparnað. Hvað viltu segja um þessi viðhorf?


Það borgar sig að hefja séreignarsparnað sama á hvaða aldri viðkomandi er. Einu undantekningarnar frá þessu eru ef fjárvörsluaðili tekur upphafsgjöld, en þá er einfaldlega hægt að snúa sér til þess næsta sem ekki innheimtir slík gjöld.

Telur þú að greiðslur í lífeyrissjóðina bæði sameignar- og séreignarsparnaður eigi eftir að aukast mikið á næstu árum?

Já, ég held að fólk eigi eftir að huga enn frekar að elliárunum en nú er og að tryggja fjárhagslega afkomu sína með viðbótarráðstöfunum eins og séreignarsparnaði.



Tryggvi Þór Herbertsson



Námskeið fyrir alla

Maí: Stutt módelnámskeið fyrir 16 ára og eldri.
 Júní: Sumarnámskeið fyrir 6-16 ára.
 September-maí: Fjölbreytt námskeið fyrir börn og fullorðna.
 Veturinn 2002-3: Fornám (40 ein.) til undirbúnings háskólanámi.

MYNDLISTASKÓLINN
THE REYKJAVÍK SCHOOL OF ART
Í REYKJAVÍK
HRINGBRAUT 121 • 107 REYKJAVÍK • Sími 551 1990

Skráning á heimasíðu eða Hringbraut 121, 2. hæð.
 Sími 551 1990 og 551 1936, fax 551 1926.
 mynd@myndlistaskolinn.is • myndlistaskolinn.is

Smelltu á www.efling.is

Sendum félagsmönnum Eflingar - stéttarfélags heillaóskir í tilefni af 1. maí alþjóðlegum baráttudegi verkafólks.

 **Bændasamtök Íslands**


Rafiðnaðarsamband Íslands

 **SÆLGÆTISGERÐIN DRIFT SF**
Sími 510 3105 • Fax 555 4740
Fosahlíð 118 • 323 Hafnarfærð

HAFNARFJARÐARBÆR



HAMPIÐJAN

 **Félag hársnyrtisvelna**
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík Sími: 5356000


VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS



 **ÍSFUGL**
Kjúklingur er kjörin fjarða!

 **Félagsþjónustan**
- gertur betur - á nýrri öld

ÍSTAK


KAUPPING


SEMENTSVERKSMIOJAN


SECURITAS

 **MEISTARAFÉLAG HÚSASMIDA**
Hásmíðun 1 • 701 Reykjavík • Sími: 521 001 001
Félagsmiðun 1 • 701 Reykjavík • Sími: 521 001 001


NÓI SÍRÍUS


ora

 **RAFIÐNAÐARSKÓLINN**
Skeifan 11b • Sími 568 5010


REYKJALUNDUR


VSÓ
VSÓ Ráðgjöf

SAMSKIP




Starfsgreinasamband Íslands


FÉLAGSÞJÓNUSTAN



FÉLAGSÞJÓNUSTAN

 **MATVÍS**
Matvæla-
og veitingasamband
Íslands



RAFRÚN EHF



Skeljungur hf.



**Verzlunarmannafélag
Reykjavíkur**



Guðmundur Jónasson ehf.

Ferðaskrifstofa
Gistiheimili
Sérleytis- og hóptæðir
Borgartúni 34, Reykjavík

Sími 511 1515 Fax 511 1511
Email: gjtravel@gjtravel.is
www.gjtravel.is

NETTÓ

Alltaf von á góðu!



Kauphöll og Vestur-Háttelningi

EIMSKIP



Reykjavíkurborg



Reykjavíkurborg
Hreinsunardeild



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og tæknisvið



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og heilbrigðisstofa

VST
Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.



KASSAGERÐIN HF
CENTRAL PACKAGING



STEYPUSTÖÐIN



*Þú gengur á
fjöll fyrir bragðið*

1 tsk. í bollann eða
3 msk. í einn líter af vatni





Umönnun meðal eldra fólks

9% starfsmanna slös- uðust illa á einu ári

Í síðasta fréttablaði Eflingar var sagt frá könnun sem Vinnuetírlit ríkisins vann og byggðist á spurningum til starfsmanna á umönnunarstofnunum aldraðra um lýðfræðileg atriði, líkamlegt álag og líkamsbeitingu, félagslega og andlega álagsþætti, almenn atriði í vinnuumhverfi, lífsstíl og heilsufar. Könnunin fór fram árið 2000 á 62 öldrunarstofnunum eða öldrunardeildum sjúkrahúsa.

Annar hluti könnunarinnar fólst í eftir-

litsátaki á þessum sömu stofnunum. Hér fer á eftir seinni hluti greinar um könnunina eftir Kristín Tómasson, yfirlæknir VER.

Umönnun á öldrunarstofnunum og öldrunardeildum er almennt talin erfið. Um er að ræða að lyfta, snúa og hlú að öldruðum, veikum og lasburðum, í rúnum, baða þau, hjálpa þeim úr rúmi í stóla o.fl. Oft er um vaktavinnu að ræða, en vitað er að vaktavinna hefur áhrif á heilsu, líðan og svefn fólks. Vinnuslys eru tíð. Sýnt hefur verið fram á það í erlendum rannsóknnum að um 10% mannafla í umönnun verða fyrir slysi á ári hverju. Starfsfólk á öldrunarstofnunum/deildum kynnist vistmönnum vel vegna langvarandi samveru og hefur samskipti við aðstandendur þeirra. Starfsfólk veit að oftast er ekki um bata að ræða hjá heimilismönnum heldur hrörnun og dauða. Smithætta er fyrir hendi, svo sem vegna lifrabólgu og umgangssýkinga.

ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI ÖLL ÖKURÉTTINDI

Ný námskeið vikulega
www.nyiokuskolinn.is

SÍMI: 588 4500 • 898 3908

NÝI

ÖKUSKÓLINN

Heilsufar starfsfólks

Um 86% starfsfólks leituðu að meðaltali þrisvar til læknis einhvern tíma á síðastliðnu ári. Meirihluti leitaði læknis einu sinni til þrisvar, um fimmtungur fjórum til sex sinnum og um 11% leitaði læknis oft en sex sinnum. Um 78% voru einhvern tíma fjarverandi frá vinnu vegna eigin veikinda á síðastliðnu ári, að meðaltali fjórum sinnum. Meirihluti fólksins var fjarverandi vegna eigin veikinda í eitt til þrjú skipti, um 17% í fjögur til sex skipti og um 12% oft en sjö sinnum. Um 60% þeirra, sem höfðu eitt eða fleiri börn undir 16 ára aldri í forsjá sinni á heimilinu, voru einhvern tíma fjarverandi á síðastliðnu ári vegna veikinda barna eða annarra fjölskyldumeðlima í að meðaltali 3,8 skipti. Það starfsfólk sem síðastliðna 12 mánuði var einhvern tíma fjarverandi frá vinnu, vegna eigin veikinda eða annarra, var fjarverandi í samtals að meðaltali 10,9 daga. Þetta svarar til að 2-3% starfsmanna öldrunarþjónustunnar séu að jafnaði fjarverandi vegna veikinda

Um slys á starfsfólki

Um 9% starfsfólks slösuðust það illa á síðastliðnu ári að þau gátu ekki sinnt skyldustörfum sínum. Að meðaltali gat starfsfólk ekki sinnt skyldustörfum í 23 daga vegna slyss. Helmingur þessara gat ekki sinnt skyldustörfum í allt að viku og um 24% í tvær til fjórar vikur. Um 26% voru fjarverandi enn lengur. Alls höfðu 4.9% lent í vinnuslysum og 5.1% í umferðarslysum einhvern tíma á lífsleiðinni.

Algengast var að fólk hefði leitað læknis eða meðferðar vegna vöðvabólgu, bakveiki, kvefs eða umgangspesta (um 33% - 43%). Þetta er athyglisvert í ljósi þess að stór hópur starfsmanna vinnur í erfiðum vinnustellingum auk þess sem aðeins þriðjungur er bólusettur gegn flensu og sumir hópar reykja mikið.

Meirihluti starfsfólks telur bæði líkamlega og andlega heilsu sína vera góða, um helmingur telur andlega heilsu sína góða og um 67% starfsfólks er sama sinnis um líkamlega heilsu sína. Yfirmenn og faglærðir voru mun ánægðari með heilsu sína en ófaglærðir. Mikill meirihluti starfsfólks sagðist vera sáttur við fjölskyldu sína (um 88%) og það sama á við um vinnuna þótt hlutfallið sé aðeins lægra eða um 66%

Meirihluti leitaði læknis einu sinni til þrisvar, um fimmtungur fjórum til sex sinnum og um 11% leitaði læknis oft en sex sinnum. Um 78% voru einhvern tíma fjarverandi frá vinnu vegna eigin veikinda á síðastliðnu ári, að meðaltali fjórum sinnum



Almennt


Í tveimur stuttum greinum hefur aðeins verið dregið á nokkur þeirra mörgu atriða sem rannsókn sem þessi getur leitt í ljós. Það er mikilvægt að nota þessar upplýsingar en Vinnueftirlitið lítur á að þær séu upplýsingagrunnur fyrir vinnuverndarstarf sem þarf og á að fara fram á öldrunarstofnunum. Þetta er starf, sem þessir vinnustaðir þurfa að sinna sem starfmenn og stéttarfélag þeirra eiga að ýta á eftir. **Það er almennt nokkuð áhyggjuefni að rannsóknin gefur vísbendingar um að heilsa og líðan starfsmanna sé mismunandi eftir hvaða starfshóp þeir tilheyra. Ráðgert er að vinna frekar að því að skoða þennan mun en ljóst virðist vera að ófaglært starfsfólk þarf að huga betur að vinnuverndarmálum sínum. Með það að leiðarljósi má vænta að munur á líðan og heilsu mismunandi starfshópa minnki.**

Kristinn Tómasson, yfirlæknir VER

Grein þessi er seinni hluti útdráttar úr skýrslunni „Könnun á heilsufari, líðan og vinnuuhverfi starfsfólks í öldrunarþjónustu“ sem finna má í heild sinni á vefslóðinni: <http://www.vinnueftirlit.is/Apps/WebObjects/Ver.woa/wa/dp?id=1000073#skyrslur>

Til félagsmanna Eflingar stéttarfélags

10% afsláttur af öllum vörum
20-100% afsláttur
af lyfseðlum (sjúklingahluta).



**SKIPHOLTS
APÓTEK**

Skipholti 50b, 105 Reykjavík
Sími 551 7234, fax 551 6959

★	MYNDA TEXTI	MALMUR DORBA	DÖNNUR VOPN AULAR	KANN AÐ SAYNDA BRUKA	END. HÁAR DAGG- JAGAR	GATA RVIK	SKOLI FISKAR	SAMUL	RAF	MYNIR VENTUR LEST	OTTI	★	SLEIÐIR SLIM
HROD RÍÐ TYNHL							11					ÞÆTA	
GLÖD- UR								VERUR FERD					
JÁLHUR ERJUR					5						3		
BRAND SEKT EYDAST		V								V			
ATVIK			1					7	VIT- LEISA				
★	↓	HITAR SÉRHL											
EIGU			8					KAMAR HARD- INDI					
RUGGI GRENJA													
★	↓	VEISLA FJOTA STEFNA					LEIKNA FRIBAR ALEYDA						
GÖÐAR MYNED			10										
RÖST				ÖTTAST IKERDÖR ELIKAR				MÖGUR	★	LITHA	STAFUR ÓJAFNA	KONA DVEL	JÖGABI TUN
MYNT											9		
		V	FÉLAG- POKI		2	ÞURT SAYD- LAUS				RÖÐAÐ TÆMI MEYRA			
HVILDI										4			
ASAKANA SISINN NÆÐI													
FJER TAR FÖÐA								12					
ATT		ÞILL DÖÐ- ANDI STÖR		6						LET FARA RÝK			
★	→												
VERIN- RDI									KARL- FUGL- ANA				
★	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	★



Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum
 Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag /Krossgátan • Sætin 1 • 105 Reykjavík
 Svar þarf að berast fyrir 30. maí nk.




Datt í lukkupottinn

hlýtur vinninginn.

Myndin er tekin þegar Viktoría Jensdóttir, starfsmaður Eflingar, afhendir Hannesi vinn-inginn. Hannes er starfsmaður róradeildar Reykjalundar og hefur verið í stjórn Eflingar undanfarin ár.

Lausn síðustu krossgátu

**Parabakka 3 109 Reykjavík**

Kennsla til allra ökuréttinda.

Bífhjólapróf og
almennt ökuþróf (B.réttindi).

**Einnig kennsla fyrir ensku
og tailenskumælandi fólk !**

Aukin ökuréttindi

Kennsla á leigu- vöru og hópbifreið
og vörubifreið með eftirvagn.

Hægt að hefja nám alla miðvikudaga !

Reyndir kennarar og góðir kennslubílar.

Aukið við atvinnumöguleikana.

Hringið eða komið og leitið upplýsinga.

Sími 567-0300

E-mail okusk.mjodd@simnet.is



STÉTTARFÉLAGS TILBOÐ

2002

Flug

Á vængjum þöndum – Stéttarfélagsfargjöld með Flugfélagi Íslands

Báðar leiðir		BL	SK	Verð
Akureyri	AEY	9.500	330	9.830
Egilsstaðir	EGS	9.500	330	9.830
Höfn	HFN	9.500	330	9.830
Ísafjörður	IFJ	9.500	330	9.830

Ef tveir fullorðnir ferðast saman borga börn hálf barnafargjald.
Skilmálar: Bóka verður fargjald í síðasta lagi 5 sólarhringa fyrir brottför.
Lágmarksdvöl er 2 sólarhringar. Hámarksdvöl er 1 mánuður.
Stéttarfélagsfargjöld eru seld á sölustöðum Flugfélags Íslands.
Allar frekari upplýsingar eru veittar í síma 570 3030.

Kannið tilboð á netinu www.flugfelag.is

Gisting

Fosshótel bjóða sérstakt stéttarfélagstilboð á Scan+ afsláttarkortinu.

Scan+ kortið veitir 10%-40% afslátt á gistingu á Fosshótelum innanlands allt árið, mismunandi eftir tíma og stað og 5. hver nótt er frí. Þá gefur Scan+ kortið afslátt á hótélum í Skandinavíu, Belgíu, Þýskalandi og Hollandi yfir sumarmánuðina.

Heilsárshótel:

Fosshótel Lind, Reykjavík
Fosshótel Reyðarfjörður, Reyðarfirði
Fosshótel Húsavík, Húsavík
Fosshótel Ingólfur, Selfoss

Nánari upplýsingar hjá Fosshótelunum og í síma 562 4000. www.fosshotel.is

Sumarhótel:

Fosshótel Höfði, Reykjavík
Fosshótel Bifröst, Borgarfirði
Fosshótel Áning, Sauðárkróki
Fosshótel Laugar, Reykjadal
Fosshótel Hallormstaður, Hallormstaður
Fosshótel Valaskjálfi, Egilsstaðir
Fosshótel Vatnajökull, við Höfn í Hornarfirði

Hótel Atlantis – Reykjavík

Sími: 588 0000

Tilboð í herbergi, studió-íbúðir og bílaleigubíla.

Bíll

Eftirfarandi aðilar bjóða sérstök tilboð á bílaleigubílum:

Bílaleiga Akureyrar	Sími: 568 6915	www.eurocar.is
Hertz	Sími: 5050 111	www.hertz.is
Avis	Sími: 591 4000	www.avis.is

Hafðu samband við þitt stéttarfélag og fáðu upplýsingar um framboð á sumarhúsum og annarri orlofstengdri þjónustu.

Munið eftir að staðfesta stéttarfélagsaðild.

Frekari upplýsingar um stéttarfélagsverð er hægt að fá hjá aðildarfélögum Ferðanefndar stéttarfélaganna og á vef þeirra.

Aðild að Ferðanefnd stéttarfélaganna eiga Alþýðusamband Íslands, BSRB, Bandalag háskólamanna-orlofssjóður, SÍB, Farmanna og fiskimannasamband Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Landsamband eldri borgara, Bláðamannafélag Íslands, Kennarasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Félag bókagerðarmanna, Verkstjórasamband Íslands, Lyfjafræðingafélag Íslands, Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna og Félag ísl. stjórnmunarst. á Keflavíkurflugvelli.

Efling og Mímir-Tómstundaskólinn

SKEMMTILEG OG ÓDÝR sumarnámskeið fyrir börnin!



Í júní mun Efling-stéttarfélag efna til skemmtilegra og þroskandi námskeiða fyrir börn félagsmanna sinna sem eru á aldrinum 6-11 ára í samvinnu við Mími-Tómstundaskólann.



Fræðsla, skemmtun og útivíst

Námskeiðin sem eru í boði eru enska, spænska, leiklist og myndlist.

Fjölbreytt og skemmtileg námskeið með útivíst og vettvangsferðum.

Hvert námskeið er 20 kennslustundir og stendur yfir í eina viku. Kennt verður frá kl. 9-12 og kl. 13-16. Börnin geta valið um að vera fyrir eða eftir hádegis.

Námskeiðin verða haldin vikurnar
10.-14. júní
18.-21. júní (4 dagar)
24.-28. júní

Námskeiðin verða haldin í húsnæði Eflingar við Sætún en skráning og umsjón verður á vegum Mímis - Tómstundaskólans.

Sími: 588 72 22 • www.mimir.is

Tilboðsverð: Kr. 4.500,-

Ath. Aðeins foreldrar sem eru félagsmenn í Eflingu geta skráð börn sín á námskeiðin.

MÍMIR
TÓMSTUNDASKÓLINN



Gleym-mér-ei



Lóritín®

KRÖFTUGT OFNÆMISLYF



LYFLIÐRÓLIN • HUGVIT • GÆÐI
www.delta.is

Notkunarsvið: Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín sem hefur kröftuga og langvarandi virkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýrasofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmæra. **Varððarreglur:** Gæta þarf sérstakrar varðbor hjá börnum með alvarlega nýma- og lífransjúkdóma. Sjúklingar með skerta lífranstarfsemi þurfa minni skammta. **Aukaverkanir:** Lóritín þolist yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svini getur einnig komið fyrir. **Skörentun:** Ein tafla af Lóritíni er tekin daglega. Börnum 2-14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.

10.01.00